

Mánudaginn 25. mars 1974.

Nr. 36/1972: **Karl Sigurjónsson**
Lárus Hjaltsted
Sigríður K. Jónsdóttir
Haraldur Axel Ólafsson
Ólafur Sigurjónsson
Viðar Bjarnason
Sigurjón Guðjónsson
Lárus Ágústsson
Dánarþú Einarssonar
Halldór Gunnarsson
Einar Sigurðsson
Bárður Magnússon
Sigurbergur Magnússon
Ragnar Eyjólfsson og
Páll Magnússon
 (Egill Sigurgeirsson hrl.)
 gegn
Andrési Andréssyni
og gagnsök
 (Páll S. Pálsson hrl.).

Dómenndur:

hæstaréttardómaramirnir Benedikt Sigurjónsson, Einar Arnalds, Logi Einarsson og Magnús P. Torfason og prófessor Gaukur Jörundsson.

Veiðiréttur.

Dómur Hæstaréttar.

Aðaláfrýjendur hafa skotið máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 13. mars 1972. Krefjast þeir þess aðallega, að viðurkennt verði, að jörðinni Berjanesi í Austur-Eyjafjallahreppi, eignar- og ábylisjörð gagnáfrýjanda, fylgi enginn veiðiréttur í Holtsósi og að gagnáfrýjanda sé óheimil öll veiði þar. Til vara krefjast aðaláfrýjendur þess, að dæmt verði, að gagnáfrýjandi sem eigandi og ábúandi Berjaness eigi ekki veiðirétt í Holtsósi, þegar ósinn er við eðlilegar aðstæður og nær ekki að Berjaneslandi. Enn fremur krefjast aðaláfrýj-

endur málskostnaðar bæði í héraði og fyrir Hæstarétti, eins og málið væri ekki gjafsóknarmál, en þeir höfðu gjafsókn í héraði og fengu gjafsókn fyrir Hæstarétti með leyfi dómsmálaráðuneytisins 26. febrúar 1973.

Gagnáfrýjandi hefur gagnáfrýjað málinu með stefnu 21. apríl 1972, að fengnu áfrýjunarleyfi 12. s. m. Hann krefst sýknu af öllum kröfum aðaláfrýjenda og málskostnaðar úr hendi þeirra fyrir Hæstarétti, eins og málið væri ekki gjafsóknarmál, en gagnáfrýjandi hafði gjafvarnarleyfi í héraði og fékk gjafvarnarleyfi fyrir Hæstarétti 26. febrúar 1973.

Ný gögn hafa verið lögð fyrir Hæstarétt. Eru þeirra á meðal vottorð nokkurra manna um veiði gagnáfrýjanda í Holtsósi og skrá um uppistöðu Holtsóss á árunum 1970—1973, sem talin er gerð eftir dagbókum gagnáfrýjanda.

Samkvæmt gögnum máls eru jarðirnar Vallatún, Ormskot, Efstagrund, Indriðakot, Syðstagrund og Efstakot eign ríkissjóðs. Leggja verður þann skilning í bréf jarðeignadeildar ríkisins 9. júlí 1969 og 24. júlí 1969, er frammi liggja í málinu, að ábúendur þessara jarða, aðaláfrýjendurnir Haraldur Axel Ólafsson, Ólafur Sigurjónsson, Karl Sigurjónsson, Lárus Ágústsson, Lárus Hjaltsted, Sigurjón Gunnarsson og Viðar Bjarnason, hafi samþykki jarðeigenda til fyrirsvars í málinu vegna jarða þessara. Sama skilning verður að leggja í bréf dóms- og kirkjumálaráðuneytis 18. júní 1969, að því er varðar aðaláfrýjandann sr. Halldór Gunnarsson, sem sækir málið vegna kirkjujarðarinnar Holts.

Svo sem rakið er í héraðsdómi, er hæð vatnsborðs í Holtsósi, og þar með stærð stöðuvatnsins, mjög breytileg. Fer það eftir því, hvort afrennsli óssins er stíflað og hann stendur uppi, sem kallað er, eða ekki. Samkvæmt málsreifun aðaláfrýjenda þykir verða að skilja aðalkröfu þeirra þannig, að í henni miði þeir við veiði í Holtsósi eins og hann er, þegar afrennsli hans er teppt.

Það er ágreiningslaust, að við framangreindar aðstæður leggst vatn á land Berjaness. Aðaláfrýjendur hafa engin haldbær rök fært fyrir því, að gagnáfrýjanda skuli óheimilt að veiða í því vatni, sem á landi hans liggur, sbr. 2. gr. laga nr.

76/1970. Verður aðalkrafa þeirra þegar af þeirri ástæðu ekki tekin til greina.

Varakrafa aðaláfrýjenda varðar veiði gagnáfrýjanda í Holtsósi, „þegar ósinn er við eðlilegar aðstæður og nær ekki að Berjanesslandi“. Verður samkvæmt málflutningi að skilja kröfugerðina svo, að með orðunum „eðlilegar aðstæður“ sé átt við það, að Holtsós hafi óhindrað afrennsli til sjávar og liggi að engu leyti á landi Berjaness.

Samkvæmt 94. gr. laga nr. 76/1970 ber það undir matsmenn, sem nefndir eru eftir fyrirmælum greinarinnar, að skera úr ágreiningi um ýmis nánar greind atriði í lögnum, þar á meðal um það, hvar séu takmörk vatns í merkingu laganna. Sú matsgerð hefur farið fram vegna máls þessa, eins og rakið er í héraðsdómi. Er niðurstaða yfirmatsmanna sú, að „takmörk Holtsóss séu í Berjanesslandi við 4 metra hæðarlínu samkvæmt uppdretti Ásgeirs L. Jónssonar vatnsvirkjafræðings, dags. í ágúst 1941“. Samkvæmt þessu og þegar þess er gætt, hveru breytilegur og sérstæður Holtsós er sem stöðuvatn, er hann leggst tímum saman á land Berjaness, þykir verða að leggja til grundvallar við úrlausn máls þessa, að Berjaness eigi land að Holtsósi í merkingu 1. mgr. 8. gr. laga nr. 76/1970 og þar með veiðirétt í vatninu utan netlaga, eins og þau eru ákveðin í 4. gr. vatnalaga nr. 15/1923. Hefur ekki verið sýnt fram á, að veiðiréttur utan netlaganna fylgi ákveðnum jarðeignum samkvæmt fornri venju. Hins vegar verður ekki á það fallist með gagnáfrýjanda, að hann eigi fyrir hefð eða af öðrum ástæðum rétt til veiði í netlögum jarða aðaláfrýjenda. Leiðir þetta þegar af því, að frá gildistöku laga nr. 15/1923 hefur verið bann við því í lögum, að veiðiréttur sé skilinn frá jörð, nema að fullnægðum nánar tilgreindum skilyrðum, sbr. 121. gr. þeirra laga og nú síðast 4. tl. 2. gr. laga nr. 76/1970. Verður að skýra ákvæði þessi þannig, að þau m. a. banni stofnun veiðitaks fyrir hefð.

Úrslit málsins verða samkvæmt framansögðu þau, að sýkna ber gagnáfrýjanda af öllum kröfum aðaláfrýjenda í málinu, en rétt er, að málskostnaður í héraði og fyrir Hæstarétti falli niður.

Ákvæði héraðsdóms um gjafsóknar- og gjafvarnarkostnað eiga að vera óröskuð.

Allur gjafsóknar- og gjafvarnarkostnaður fyrir Hæstarétti greiðist úr ríkissjóði, þar með talin laun skipaðra talsmanna aðaláfrýjenda og gagnáfrýjenda, kr. 140.000.00 til hvors.

D ó m s o r ð :

Gagnáfrýjandi, Andrés Andrésón, á í máli þessu að vera sýkn af kröfum aðaláfrýjenda, Karls Sigurjónssonar, Lárusar Hjaltesteds, Sigríðar K. Jónsdóttur, Haralds Axels Ólafssonar, Ólafs Sigurjónssonar, Viðars Bjarnasonar, Sigurjóns Guðjónssonar, Lárusar Ágústssonar, dánarþús Einars Jónssonar, Halldórs Gunnarssonar, Einars Sigurðssonar, Bárðar Magnússonar, Sigurbergs Magnússonar, Ragnars Eyjólfssonar og Páls Magnússonar.

Málskostnaður í héraði og fyrir Hæstarétti fellur niður.

Ákvæði héraðsdóms um laun skipaðra talsmanna aðaláfrýjenda og gagnáfrýjenda er staðfest.

Allur gjafsóknarkostnaður og gjafvarnarkostnaður fyrir Hæstarétti greiðist úr ríkissjóði, þar með talin laun skipaðs talsmanns aðaláfrýjenda, Egils Sigurgeirssonar hæstaréttarlögmans, og skipaðs talsmanns gagnáfrýjanda, Páls S. Pálssonar hæstaréttarlögmans, kr. 140.000.00 til hvors.

Dómur aukadómþings Rangárvallasýslu 13. desember 1971.

I.

Mál þetta, sem dómtekið var 26. f. m., er höfðað með stefnu, birtri 27. júní 1969, fyrir aukadómþingi Rangárvallasýslu, en að ósk aðilja málsins var það flutt hinn 2. október 1970 yfir í héraðsdóm Austur-Eyjafjallahrepps.

Stefnendur máls þessa eru: Karl Sigurjónsson, ábúandi Efstu-grundar, Magnús Bjarnason, ábúandi Syðstugrundar, Sigríður K. Jónsdóttir, eigandi Miðgrundar, Haraldur Axel Ólafsson, ábúandi

Vallnatúns, Ólafur Sigurjónsson, ábúandi Ormskots, Viðar Bjarnason, ábúandi 1/2 Efstakots, Sigurjón Guðjónsson, ábúandi 1/2 Efstakots, Lárus Ágústsson, ábúandi Indriðakots, Einar Jónsson, eigandi Hellnahóls, og séra Halldór Gunnarsson, ábúandi Holts, Einar Sigurðsson, eigandi Varmahlíðar, allir í Vestur-Eyjafjallahreppi, og Bárður Magnússon, eigandi Steina III, Sigurbergur Magnússon, eigandi Steina I, og Ragnar Eyjólfsson, eigandi Steina IV, og Páll Magnússon, eigandi Hvassafells, allir í Austur-Eyjafjallahreppi.

Undir rekstri málsins hefur Magnús Bjarnason bóndi, Syðstu- grund, sleppt ábúð á jörðinni, en við hefur tekið Lárus Hjaltested, sem hefur tekið við rekstri málsins, að því er þá jörð varðar.

Eftir að stefna var birt, lést Einar Jónsson, eigandi Hellnahóls, og hefur dánarbú hans tekið við rekstri málsins, að því er þá jörð varðar.

Stefndi er Andrés Andrésson bóndi, Berjanesi, Austur-Eyja- fjallahreppi.

Dómkröfur stefnenda í stefnu voru þær, „að viðurkennt verði með dómi réttarins, að Berjanesi fylgi enginn veiðiréttur í Holts- ósi og stefnda Andrési Andréssyni verði því dæmd óheimil öll veiði í Holtsósi. Þá krefst stefnandi málskostnaðar úr hendi stefnda eftir mati dómsins.“

Við hinn munnlega málflutning, 26. nóvember 1971, voru af hálfu stefnenda gerðar eftirtaldar kröfur: „Aðallega, að viður- kennt verði með dómi réttarins, að jörðinni Berjanesi í Austur- Eyjafjallahreppi fylgi enginn veiðiréttur í Holtsósi og stefnda, ábú- anda og eiganda jarðarinnar, verði dæmd óheimil öll veiði í Holts- ósi.

Til vara: Að ábúandi berjanesse eigi ekki veiðirétt í Holtsósi, þegar ósinn er við eðlilegar aðstæður og nær ekki að Berjanes- landi.

Þá krefst ég málskostnaðar úr hendi stefnda, eins og málið væri ekki gjafsóknarmál, og að mér sem skipuðum talsmanni stefnenda verði dæmd málflutningslaun úr ríkissjóði.“

Stefndi krefst sýknu af öllum kröfum stefnenda og að stefn- endum verði dæmt að greiða honum málskostnað að mati dómsins, svo sem málið væri eigi gjafvarnarmál, en stefndi fékk gjafvörn í málinu með bréfum dómsmálaráðuneytisins, dagsettum 17. nóv- ember 1969 og 15. júlí 1971.

Dómurinn hefur gert ítrekaðar sáttaumleitanir með aðiljum, en án árangurs.

II.

Málavextir.

Á mörkum Vestur- og Austur-Eyjafjallahreppa í Ranárvallasýslu liggur stöðuvatn, er ber nafnið Holtsós. Nær vatnið, að norðan frá Steinafjalli og allt til sjávar. Á milli þess og sjávar er þó allbreitt sandmalarrif, sem nefnt er Eyjafjallasandur. Frá fornu fari hefur Holtsá runnið í Holtsós að vestan, en Svaðbælisá að austan, og á umliðnum öldum hafa ár þessar borið með sér föst jarðefni út í vatnið og breytt því. Svaðbælisá, sem kemur úr Svaðbælisheiði, hefur um langt skeið haft breytilegan farveg, og mun hún oft hafa runnið yfir land jarðarinnar Berjaness, sem er suðaustan við Holtsós. Fyrir um það bil 15 árum var grafinn nýr farvegur fyrir ána að tilhlutan ríkisins og henni veitt austur í Bakkakotsá, sem rennur til sjávar nokkru austar.

Holtsós hefur útrennsli til sjávar í gegnum Eyjafjallasand. Farvegur útrennslisins (óssins) hefur frá fornu fari legið á ýmsum stöðum í gegnum Eyjafjallasand. Allt frá manna minnum, að því er virðist, hefur farvegur þessi stíflast, einkum þegar mjög brimasamt hefur verið við ströndina. Þegar Holtsós hefur þannig ekki útrennsli til sjávar, leiðir það til þess, að vatnsborðið hækkar. Í mestu flóðum hefur Holtsós flætt yfir stór landsvæði beggja vegna, þar á meðal yfir allstóran hluta Berjaness. Í þessum flóðum hefur Holtsós oft valdið miklum spjöllum á engjum og beitolöndum í nágrenninu. Leiddi þetta til þess, að snemma á öldum voru reglugerðir settar og dómar dæmdir, sem gengu út á skyldu til þess að taka þátt í útmokstri óssins, þegar hann var inniteptur og olli tjóni.

Í málinu liggur frammi í endurriti „Héraðsdómur um útmokstur Holtsóss“, og er það svohljóðandi:

„Anno 1645, þann 3 Maí, á Holti undir Eyjafjöllum dómsmenn tilnefndir af Bárði Gíslasyni, umboði kong(legar) magest. sýslumanns í Rangárþingi Vigfúsa Gíslasonar: Ámundi Þórmóðssonar, Árna Magnússonar lögréttumenn, Jón Sigurðsson, Snorri Þorsteinsson, Jón Jónsson og Hjalti Jónsson, um það málefni, er presturinn síra Þorsteinn Jónsson hér nú fram ber og dóms á beiðist, hverjir helstir vera skuli skyldir til að útmoka Holtsós, vetur eða sumar, nær til hindrunar horfir og nauðsyn er til. Item, hver þar er skyldugur til fyrir að gangast eða boð gjöra, svo framkvæmd fái. Í fyrsta lagi síra Þorsteinn fram gamla vitnisburði erlegra manna, sem ljóslega votta það lengi stóra nauðsyn verið hafa, sem vér allir ljóst vitum, að hann stór mikla hindrun gjörir, og

svo háttað, að ei er mögulegt í þessu Holtshverfi og fleirum jörðum hér að sjó að komast eður heyskap að hafa eður til annarra aflabragða, heldur með öllu vitum vér þann ós mörgum til бага, þegar hann uppi stendur úr máta, bæði innansveitarmönnum og þeim vegfarendi mönnum, sem hér eiga um að fara. Einnin (er) oss ljóst, að langur vani hefur verið að full skylda Haldin eptir lögsömdum dómum, að nær presturinn í Holti þeim til segir, skyldu allir svo margir bændur, sem hann boð gjörir þar til skyldast hann að út moka, sérdeilis þeim hér í þessu hverfi og þeim bæjum, sem hann mesta hindran gjörir, hver vani nú er að óvana orðinn, svo að allmargir, sjálfum sér og öðrum til skaða og бага, heima sitja og vilja ekki fylgi veita, beiðast að sjá þá gömlu dómaorðu eður skikkanir, sem þar um gengið hafa, hverja dóma presturinn segist ekki finna í kirkjunnar bréfum eður séð hafa, þó almenningsrómur þar um eitt hljóði, að þeir dómar hafi til verið og sökum þess, að vér, sem áður er áhrært vitum hérum stóra nauðsyn, fyrir sjálfs staðarins Holts beneficii með öllum þess hjáleigum, þar næst kóngsjarðarinnar Berjaness og jarðarinnar Steina, item öll sú Kirkjunnar þing (H)á, að undanteknu Sauðhúsi, Velli og Hala svo og um fleiri jarðir fá skaða af umferð, þegar ósinn hindrar þann veg, hver að vísu er miklu betri og ferðafólki hentugri. Athuguðum vér hér landslögin, sem er fyrst Farmannalögin 3. kap. þar stýrimaður vill skip sitt fram eður upp setja. Svo og einnin um atfarir allar, eður hvar helst þar er, sem nokkur maður þykist allra liðveizlu við þurfa og hann er ei sjálfur ein fær út að rétta, þá er allviða í Lögbókinni umgetið, að sá, sem að leiðveizlu með þarf, megi granna sína og sveitarbændur þar til kalla, og sektir æ við lagðar, ef ei fara vilja, að oss virðist hér að hníga. Item Farmannalögin 12: Hvarvetna þar sem menn brjóta skip sitt og þykjast eigi sjálfir fá borgið sér, þá skeri þeir boð upp þeim, er næstir búa svo mörgum sem þeir þykjast þurfa. Því Guðs nafni, amen, fyrir þessarar greinir laganna og þær fleiri, hér að hníga, svo og þeim lögsömdum dómum, sem hér um gengið hafa, í allan máta ókrenktum, ef finnast kunna, virðist oss full skylda og þeir skyldir til vera ósmokstrinum, í fyrsta allir þeir menn í vertíð, sem þurfa til sjós að fara yfir um þann ós og hann skaða gjörir, svo vinnumenn sem búendur, og þeir húsbændur hindri það ekki, heldur fái þeim verkfæri. Item þeir sjófarandi menn, sem á þeim skipum róa, er þar af hindrun af fá og á þeim degi eru í vör og því við koma og þeirra formenn þá til kalla með sér. Svo og á sumartímanum allir þeir menn með sínum vinnumönnum, sem

hann skaða og бага gjörir og frá björguninni hindrar, nær presturinn í Holti þar um boð sker og hann þeim til segir, með þess nálægasta hreppstjóra ráði, og einn er af þeim fimm sem hafa ber stjórn og forsjá fyrir því, er hreppinn varðar. Item R.B.H.K. segir: Verið það landinu, sem lagt er og almuganum gagnlegast. Item, enn framar: Ef þeir, sem í greindri sókn eru, eða Holtshverfi, kunna ei að fá þann greindan ós út mokað virðist oss rétt, að presturinn í Holti og sá Hreppstjóri, sem nálægastur er, skeri upp svo langt og vítt um alla sveitina Eyjafjöll, sem þeim þykir nauðsyn til vera, og allir þeir skyldir það boð að bera eptir boðburði, og hver bóndi um vinnumann skyldugur til útmokstursins, sem til er kvaddur með því hinni til styrktar, ella sekur 2 aurum, eptir áður innfærðri lagagrein, Farmannatal 3. kap. En vilji hann ei sektina gjalda nær krafið er þá dæmum þann sama skyldugan um sektina og dómrof á ofan. Þó setjum vér allan þennan dóm til fullkominnar ályktunar og umbóta lögmannanna og lögréttunnar að næstkomandi Öxarár þingi.

2. . . .

(Um útmokstur Holtsóss.)

Item í sama stað og dag var samþykktur dómur, genginn að Holti undir Eyjafjöllum, út nefndur af Bárði Gíslasyni í umboði Vigfúsar Gíslasonar sýslumanns, að því til lögðu, að þeir menn, sem þeim veita lið til að moka út ósinn, en fá þó engan skaða eða hindrun af ósnum uppgöngu, fæðist af þeim öllum, sem útmokstursins við þurfa og þeir leggi meira fæði til, sem von er á, meiri бага fá af ósnum og mestu löndin halda eður eiga við uppgönguna, svo sem Holtsstaður, og athugi hreppstjórar þetta.“

Í endurriti úr Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns, dskj. nr. 90, segir svo varðandi jörðina Berjanes:

„Yfir mestalt land jarðarinnar gengur Holtsós þegar brim og sandur lengi hamlar hans útrás, og vatnavextir koma, hefur hann þá heyskap á sumur grandað, jafnvel heygard og hús tekið og so sæinn umflotið að fólk hefur ekki burt komist.“

Einnig liggur frammi í málinu endurrit af „Reglugjörð fyrir útmokstur Holtsóss undir Eyjafjöllum“, og er það svohljóðandi:

„1) Það reynslan hefir sýnt, að mikið tjón er af því búíð þegar Holtsós verður inniteptur, skal sæta fyrsta tækifæri, sem gefst, að moka hann til útfalls.

2) Er það fyrst og fremst skylda allra þeirra er halda jarðir þær er að ósnum liggja, að hjálpa hvörr öðrum eptir megni til að koma honum út; en þessar jarðir eru: Holts staður og allar Holts-

kyrkjujarðir, nefnilega: Hellnahóll, Vallatún, Gerðakot, Grund, Indriðakot, Efstakot, Brenna, Ormskot, Varmahlíð, Vesturholt, Lambhúshóll, Lambhúshólskot og Nyibær, svo og bændajarðirnar: Berjanes, Berjaneskot, Steinar og Leirur; og skulu téðir menn ef þörf gjörist, vera skyldir til að láta allt þeirra fólk, sem þess er umkomið vinna að ósmokstrinum og leggja þar til nauðsynleg verkfæri.

3) Um vertíðina skulu og skipshafnir þær er róa til fiskjar úr Holtsvörum vera skyldar til að vinna að útmokstri óssins, bæði formenn og hásetar, hvört sem eru utansveitarmenn eða innan.

4) Þurfi fleira fólk enn að framan er talið skal biðja alla sveitarmenn að hjálpa til verksins, með því vandræði þau er af ósteppunni fljóta að nokkru leiti snerta alla sveitina og er vonandi, að þeir góðfúslega liðsinni nauðstöddum sveitúngum sínum, þegar þeir hafa sýnt ítrustu viðleitni til að hjálpa sér sjálfir og forða hér yfirvofandi hættu.

5) Þurfi að fara á flutningi til útmokstursins, eru þeir sem halda eða eiga ofannefndar jarðir, er einkum hafa бага af ósnum; — ef þeir ega hlut í bát eða skipi sem til verður náð — einnig skyldir að ljá það til flutningsins og géta þá ekki heldur aðrir, er kynnu að ega hlut í sama skipi, krafist neinnar borgunar fyrir það.

6) Til að sjá um að útmokstrinum verði framgegn í tækann tíma skal tilsjónarmaður nefndur af sýslumanni og skal það vera hans skylda að hafa gát á, þegar ósinn teppist, hvenær fyrsta tækifæri sé til að koma honum út. Skal hann þá undir eins gjöra að álitum hvörsu marga menn muni þurfa til útmokstursins og síðan kveðja til verksins svo marga sem hann álitur að viðþurfi, útbúna með verkfærum, og halda því áfram hvörn daginn eptir annan, þegar tæki er á, þangaðtil ósinn er kominn út. Þeir sem minnst tjón hafa af ósnum ættu helst að njóta hlífðar, ef skeð gæti.

7) Tilsjónarmaður þessi skal og vera forgaungumaður fyrir mokstrinum og hafa vald á að skipa hvörjum fyrir sig til verka, svo og að nefna forverksmenn fyrir minni hópum. Einnig má hann láta einhvörn af fyrrnefndum mönnum kalla fólk saman til verksins.

8) Þareð Holts prestakall á flestar jarðir að ósnum skal presturinn í Holti vera skyldur til að aðstoða tilsjónarmanninn, með að láta kalla saman fólkið af Holts kirkjujörðum, svo og með skriftir.

9) Sömuleiðis er það embættisskylda hreppstjórnanna að aðstoða hann eptir megni að hafa vakandi auga á, að þetta verk, sem er mikils umvarðandi fyrir alla sveitina, fari skipulega fram og fari sem best.

10) Ef nokkur af þeim sem halda framannefndar jarðir, eða þeim sem hafa útræði úr Holts vörum geignir ekki köllun skriflegri eða munnlegri til að fara eða láta fara til útmokstursins, eða fari þaðan fyrr en aðrir leyfislaust, skal hann ef það er húsbóndi, ellegar formaður fyrir skipi eða bát um vertíðina, bæta 2 r fyrir hvörn dag nema nauðsyn banni; og ef nokkurt vinnuhjú óhlýðnast (húsbónda sínum) að fara í ósinn, skal það bæta 1 r fyrir hvört skipti, og kemur það ekki að haldi til sýknu þó sendur sé liðléttur unglíngur, ef duglegri maður er til. Sýni nokkur minna hirðuleysi, til að minda: koma ekki í tækann tíma, skal hann að vísu sektast, en sekt hans má þá lækka eptir kringumstæðum. Þessar sektir skal ef þörf gjörist taka með fjárnámi, eptir opnu bréfi frá 2^{rum} Apríl 1841. Það telst nausyn að róa til fiskjar þegar sjöveður er einsýnt.

11) Tilsjónarmaðurinn skal nákvæmlega uppskrifa, hvörjir hlýðnist og hvörjir óhlýðnist skipun hans og að hvað miklu leyti, og senda svo sýslumanni skýrslu um þá sem óhlýðnast hafa, og skal hann láta 2 votta undirskrifa með sér til sannindamerkis. Síðan gjörir Sýslumaður að álitum hvörjar sektir lúkast skuli, eptir þessari reglugjörð, og lætur krefja þeirra. Þykist þá hinir sektuðu hafa gyldar afsakanir, skal hann heyra þær og láta tilsjónarmanninn segja sitt álit þarum, og eftir nákvæma rannsókn, sem þó ekki þarf að vera á þingi eða fyrir rétti, fella úrskurð á sökina, en verði hlutaðeigendur óánægðir með þann úrskurð, skal þeim veitast tækifæri til að skjóta sök sinni til amtsins aðgjörða, áðurenn sektin sé tekin hjá þeim.

12) Sektunum skal safna í sjóð, nefndan Holts-óss-sjóð, er geymist af prestinum í Holti og skal verja honum til eflingar útmokstri óssins, annaðhvört til að kaupa verkfæri, ef nauðsyn ber til, eða til útbytingar milli þeirra sem vinna að verkinu en hafa sjálfir engann baga af óssteppunni.

Kollabæ 31^{ta} Juli 1844

E. O. Briem

Þessi reglugjörð er hérmeð samþykkt þó þannig:

a) Að það sé komið undir nákvæmari ákvörðun amtsyfirvaldsins, eptir Sýslumannsins uppástúngu, hvört ekki aðrir sveitarmenn enn þeir, sem til eru greindir í annari grein, einnig skuli sæta bótum fyrir óhlýðni við tilsjónarmanninn eða aðra hlutaðeig-

endur í þessu efni og hvört þeir þá egi að vinna að verkinu kauplaust.

b) Að tilsjónarmaðurinn hvört sinn, er moka á út ósinn, nafngreini þá menn, húsbændur og formenn eða vinnuhjú og háseta, sem hann til verksins kveður, og standi húsbændur á öllu ansvari héraðlútandi fyrir hjú sín, en gjöri sig þó skaðlausa af kaupi þeirra, en þeir svara sektum þeirra óhlýðnis vegna.

c) Að sektirnar að öðru leiti eptir 10^{du} og 11^{tu} grein séu ákveðnar fyrir hvörn mann eptir málavöxtum í hvört sinn frá 64^{sk} til 2 Rbd. fyrir hvörn þann dag er óhlýðni er sýnd og

d) Að árlegur reikningur sé saminn yfir tekjur og gjöld Holtsóss-sjóðs eptir 12^{tu} grein, sem sýslumaður sendi Amtmanni til yfirskoðunar ásamt öðrum árlegum Sýsluskírslum, og vænist Amtmaðurinn að Presturinn á Holti bæði taki reikninginn saman og að öðru leiti veiti tilsjónarmanninum alla þá liðveitslu, sem 12^{tu} grein ræðir um.

Íslands Stiftamtshúsi 29^{da} Augustmánaðar 1844.

Í S.T. Hra Kammerherra og Stiptamtmanns Hoppes fjærveru.

J. Johnsen.

Þannig rétt afskrifað vitnar

M. Stephensen.“

Í málinu liggur frammi ljósmynd af bréfi, dskj. nr. 5, sem er svohljóðandi:

„Við undirritaðir, sem höfum afnot af Berjanestorfu, teljum, að okkur beri engin lagaleg skylda til að moka Holtsós út, þar sem við eigum ekkert land að honum, þegar hann er með eðlilegum hætti, og teljum það heyra eingöngu til þeirra, sem eiga ósinn og veiðirétt í honum, og þeim sé rétt og skylt að koma honum út, þegar hann er okkur til meins og við klögum upp á það. Hinsvegar erum við fúsir til að bera kostnað af útmokstri í réttu hlutfalli við þá, sem ósinn eiga, ef það er þeirra vilji að gera okkur sér jafn rétt háa til veiði í ósnum og veita okkur fulla heimild til þess. Sendum við því yður lista yfir Berjanesið, eins og við höfum komið okkur saman um, að hver hafi af því eftir síðasta jarðarmati.

Núpakoti 1/4 1948

Sigurður Guðjónsson

Andrés Andrésón

Bárður Magnússon

Sigurjón Þorvaldsson

RagnarEyjólfsson

Til Holtsósnefndar.“

Á dskj. nr. 10 er yfirlit um skiptingu kostnaðar við mokstur óssins. Hefur skjali þessu ekki verið hnekkt, en það er svohljóðandi:

„Ósmokstur

með jarðýtu veturinn 1951. Samtals kr. 130.00

Skiptist á 619 jarðarhundr. Kr. 21.1 aur á hundr.

Berjanes I	37 hundr.	18.50 kr.	kr. 7.81
Berjanes II	37 hundr.	18.50 —	— 7.81
Berjaneskot	24 hundr.	12.— —	— 5.06
Steinar I	82 —	41.— —	— 17.30
— II	22 —	11.— —	— 4.64
— III	12 —	6.— —	— 2.53
Hvoltunga	28 —	14.— —	— 5.91

Samtals 242 hundr. kr. 51.06

Brenna	17 hundr.	8.50	kr. 3.59
Efsta-Grund	32 —	16.—	— 6.75
Efsta-Kot	13 —	6.50	— 2.74
Hellnahóll	16 —	8	— 3.38
Holt	100 —	50.—	— 21.10
Indriðakot	24 —	12	— 5.06
Mið-Grund	29 —	14.50	— 6.12
Ormskot	28 —	14	— 5.91
Syðsta-Grund	29 —	14.50	— 6.12
Vallnatún	26 —	13	— 5.49
Varmahlíð	63 —	31.50	— 13.29

377

Kr. 79.65“

Í vottorði Ræktunarsambandsins Hjöleifs, dags. 9. júlí 1969, segir svo:

„Samkvæmt viðskiftamannabók Ræktunarsambands Eyfellinga og Mýrdælinga hefur Andrés Andrésón, Berjanesi, Austur-Eyja-fjallahreppi, borgað fyrir ósmokstur til Ræktunarsambandsins, sem hér segir.

Árið 1952:	Ósmokstur 1951	Kr. 9.64
	Do 1952 (TD14)	— 28.47
Árið 1953:	Ósmokstur 1952 og '53	— 103.68

Árið 1955:	Ósmokstur á árinu (98 jarðarhundr.)	kr. 346.92
Árið 1958:	Ósmokstur (1/90 á 98 jarða hundruð)	— 186.20
Árið 1959:	Ósmokstur 250 á jarðarhundrað	— 245.00
Árið 1962:	Ósmokstur 4/78 á jarðarhundrað	— 468.44

Samtals kr. 1.388.35“

III.

Hinn 15. mars 1969 stofnuðu stefnendur fiskiræktarfélag um Holtsós. Þar eð stefnendur töldu, að Berjanesið ætti ekki veiðirétt í Holtsósi, var stefnda ekki gefinn kostur á aðild að félaginu. Hins vegar mun hafa komið til tals hjá stefnendum að veita stefnda þátttökurétt í nefndu félagi, þó þannig, að þátttakan væri persónuleg fyrir hann, á meðan hans nyti við, en réttur jarðarinnar Berjanes til veiði yrði ekki viðurkenndur.

Varð framangreint til þess, að stefndi ritaði formanni fiskiræktarfélagsins, séra Halldóri Gunnarssyni í Holti, bréf, dags. 28. mars 1969, dskj. 6, svohljóðandi:

„Séra Halldór Gunnarsson í Holti hefur tjáð mér, að búið sé að mynda veiðifélag um Holtsós, og hafa þar aðeins verið mættir og ekki aðrir tilkvaddir en þeir, sem eiga eða hafa umráðarétt yfir landi, sem liggur að ósnum, þegar hann hefur útfall til sjávar, en við mig, sem á land að honum og undir honum, þegar hann er tepptur, hefir ekki þótt þörf á að ræða neitt við né boðin nein þátttaka í félaginu. Hlýt ég þá að hafa óbundnar hendur til hverskonar veiði í ósnum, þegar hann nær að mínu landi, bæði með lögn og ádrætti. Hefi ég oft gert það, þegar ósinn flæðir hér yfir, og það með góðum árangri, því þegar ósinn teppist, hefi ég orðið þess var, að silungurinn hnappar sig og fer með löndum, sennilega í leit að útfalli. En nú stendur víst til að láta ósinn aldrei teppast, það er máskje eðlilegast að þeir, sem eru lítt kunnugir þessu, séu trúaðir á, að þetta sé hægt, en hinir, sem eru þessu kunnugir, ættu varla að láta blekkjast. Það gæti í það minnsta orðið fullkeypt hvert kíló í þeim silungi, er veiddist, þegar dæmið væri gert upp.

Væri ég útilokaður frá þessu veiðifélagi, sem ég held nú, að hljóti að reynast örðugt, sé farið að réttum lögum, þá mun ég þegar í stað banna, að ósinn væri nokkurn tíma látinn flæða yfir

mitt land og fylgja því vel eftir, ég hefi líka opna leið að leita dóms, sem áreiðanlega gæti opnað mér leið nær ósnum en mörkin eru talin í dag.

Það eru nú um 48 ár, síðan faðir minn fór frá Steinum, og hefi ég átt hér óslitið heimilisfang síðan, fyrst í Berjaneskoti og síðan í Berjanesi, öll þessi ár hefi ég óátalið stundað veiði í ósnum, og veit ég ekki betur en það sama hafi gilt um fyrirrenna mína í Berjanesi, enda enginn mátt þola meiri búsigfjar af ósnum en Berjanesábúendur, ég stóð ætíð að ósmokstri og bar kostnað eftir jarðarstærð eins og aðrir, eftir að farið var að nota ýtur við ósmoksturinn, og marg oft kom ég honum einn út, eða þá með góðri aðstoð nágranna vinna. Nú er þetta liðin tíð og á víst ekki að endurtaka sig. En ætli það gæti ekki komið illa við þá, sem hafa nýtt og þurfa enn að nýta ósengið að tapa því með öllu, því þeir, sem til þekkja, vita það vel, að komi ósinn ekki yfir í eitt eða tvö ár, verður ósengið verra en sú útjörð, sem aldrei hefur áveitu notið. En þetta hlyti að fara svo, ef ég stæði utan við þessi samtök, annað kæmi aldrei til greina. Þetta vil ég gera ljóst í upphafi þeim, sem það kemur við og hagsmuna eiga að gæta í sambandi við þetta, enda hafa þeir þetta mál í hendi sér ennþá, til farsællar lausnar á báða vegi. Nú vitum við það, að til eru lög um lax og silungsveiði, svo og um stofnun veiðifélaga.

Ég gerði nú ráð fyrir því, að þeir, sem stofna vildu veiðifélag, mundu kynna sér þau, en ég sé nú samt, að þeir, sem stofna þetta veiðifélag um Holtsós, hafa annað hvort hlaupið yfir eða þá ætlað að sniðganga veiga mikið atriði, sem ég tel, að varði mig nokkuð eða mína jörð, en í 8. gr. laga nr. 112 frá 9. okt. 1941 um lax og silungsveiði segir: „Landeigendum, er land eiga að stöðuvatni, er einum heimil veiði í almenningi vatnsins, og er hún þeim öllum jafnheimil. Sé forn venja til þess, að veiðiréttur í almenningi stöðuvatns fylgi tiltekinni eða tilteknum landeignum, skal sú venja gilda eftirleiðis. Nú hefur dorgarveiði um ís verið tíðkuð að undanfögnu í almenningi vatns frá jörðum, er ekki eiga land að vatninu, og skal þá slík veiði heimil framvegis.“

Í VIII kafla um fiskiræktarfélag segir svo í 40. gr. „Þá menn, er veiði eiga í almenningi stöðuvatns samkvæmt 2 mg. 8. gr., er skylt að boða á fundinn, en gefa skal þeim kost á þátttöku í félaginu, er það hefur verið stofnað.“

Ég þori að fullyrða, að mín jörð fellur að öllu leyti undir þetta ákvæði, því frá því fyrsta, að ég man eftir, þótti það alveg sjálf-sagt, að Berjanes bóndinn mætti veiða í ósnum, því bæði var það

eins og áður segir, var ósinn honum erfiðastur og mest kom það í þeirra hlut að koma honum út.

Ég kynni nú mikið betur við að stofnun og skipti mín við eða í þessu nýstofnaða veiðifélagi gæti gengið greiðlega og árekstralaust, sem það líka áreiðanlega gerir, ef gengið er að stofnun þess og framgangi að settum lögum og ekki sé troðið á rétti eins eða neins.

Ég hefi líka trú á því, að silungur af þeim seiðum, sem komi í minn hlut að greiða, ef ég geng í félagið, myndi svipa til hinna.“

Með bréfi, dags. 13. apríl 1969, svaraði formaður fiskiræktarfélagsins framangreindu bréfi stefnda á þessa leið:

„Samkvæmt bréfi yðar, dagsettu 28-3-1969, rökstyðjið þér, að yðar dómi inntöku í Veiðifélag um Holtsós.

Í því sambandi viljum við taka fram:

Í fyrsta lagi hefur ekki verið stofnað veiðifélag um vatnasvæði Holtsós, heldur fiskiræktarfélag þeirra, sem veiðirétt eiga í Holtsós. Verði veiðifélag stofnað, verður yður vafalaust boðin þátttaka, sem og öðrum landeigendum vatnasvæðisins, með tilliti til lands yðar að vatnasvæðinu.

Í öðru lagi vitnið þér til 8. gr. laga nr. 112 frá 8. okt. 1941 um lax og silungsveiði, en þar sem þér hafið ekki stundað veiði í almenningi Holtsóss, nær þessi grein ekki til yðar, eða VIII. kafla um lax og silungsveiði (Um fiskiræktarfélag) að okkar dómi.

Í þriðja lagi talið þér um, að þér hafið „óbundnar hendur til hvers konar veiði í ósnum“, þegar hann nær að yðar landi, „bæði með lögn og ádrætti“. Samkvæmt vatnalögum frá 1923, 2. kafla, 4. gr. véfengjum við rétt yðar til veiði í ósnum, þegar hann nær að landi yðar, og teljum við rétt að úr því verði skorið lagalega.

Í fjórða lagi bannið þér, að ósinn verði nokkurn tíma látinn flæða yfir land yðar. Því miður er það ekki í mannlegu valdi að hindra, að ósinn komi upp, og því ekkert hægt að banna í þeim efnum að okkar dómi. Samkvæmt vatnalögum frá 1923, 2. kafla, 8. gr., getið þér vafalítið neytt réttar yðar og komið honum út á yðar kostnað, að jöfnum hlut við aðra landeigendur, sem skaða verða fyrir.

Fyrir hönd stjórnar Fiskiræktarfélags Holtsós.“

Hinn 6. apríl 1969 ritaði stefndi veiðimálastjóra bréf, þar sem hann lýsti sjónarmiðum sínum og leitaði umsagnar veiðimálastjóra. Veiðimálastjóri svaraði með bréfi, dags. 16. júlí 1969, svohljóðandi:

„Vegna beiðni yðar um svar við fyrirspurn yðar bæði bréflaga

og munnlega í vor um veiðimál við Holtsós vil ég taka eftirfarandi fram.

Ljóst er, að ágreiningur er um það, hvort að þér eigið sama rétt til veiði í Holtsós og þeir jarðaábúendur, sem nýlega hafa stofnað frjálsan félagsskap um fiskrækt og veiði. Það er ekki mitt að dæma í þessu ágreiningsmáli, og læt ég því vera að ræða frekar um það.

Það virðist liggja í augum uppi, að tímabundin aðstaða sé til veiði fyrir landi yðar, þegar rennsli úr Holtsós til sjávar hefur verið lokað vissan tíma. Eðlilegt er, að allir hlutaðeigendur, þ. e. allir, sem land eiga að sama fiskihverfi, séu í sama skipulagi og taki þátt í ræktun og öðrum umbótum, sem ráðist er í, enda er gert ráð fyrir því í lax- og silungsveiðilögunum, sbr. IX. kafla þeirra laga. Yrði slíkt veiðifélag stofnað, má telja víst, að þér yrðuð þar aðili að og fengjuð að njóta þeirra réttinda og gegna þeim skyldum, sem lög ákveða.“

Stefnendur héldu fast við það, að stefndi ætti ekki veiðirétt í Holtsósi, og höfðuðu mál þetta því til viðurkenningar.

Í upphafi málaarekstursins virtist ágreiningur vera um landamerki Berjaness að vestanverðu, þ. e. þeim megin sem veit að Holtsósi. Lúta mörg gögn málsins því að landamerkjum jarðarinnar. Með yfirlýsingu, dagsettri 25. janúar 1971, lýsti stefndi því yfir, að hann hyrfi frá ágreiningi um landamerki þessi. Er nú ágreiningslaust í málinu, að landamerki Berjaness að vestanverðu séu svo sem þau eru dregin inn á flugmynd á dskj. nr. 89 í málinu.

IV.

Með úrskurði, uppkveðnum 24. október 1970, gaf dómurinn aðiljum kost á að afla matsgerðar samkvæmt 107. gr. laga nr. 53/1957, sbr. nú 94. gr. laga nr. 25/1970. Varð það til þess, að stefnendur fengu dómkvadda tvo matsmenn, þá Guðmund Kjartansson jarðfræðing og Sigurjón Rist vatnamælingamann, sem hinn 18. ágúst 1971 skiluðu svohljóðandi matsgerð.

„Matsgjörð um Holtsós.

Hinn 29. mars 1971 vorum við undirritaðir dómkvaddir af sýslumanni Rangárvallasýslu til þess að meta, „hvar takmörk stöðuvatnsins Holtsóss séu gagnvart jörðinni Berjanesi“, eins og komist er að orði í matsbeiðninni sjálfri. Matsbeiðandi er Egill Sigurðirsson hrl.

Við höfum kynnt okkur:

1) Málskjöl varðandi málið: Egill Sigurgeirsson hrl. f. h. eigenda og ábúenda jarða, er liggja að Holtsós, gegn Andrési Andrésyni, Berjanesi.

2) Uppdrætti Landmælinga Íslands og flugmyndir af Holtsóssvæðinu á ýmsum tímum.

3) Uppdrátt 5717 U.S. Army 1945.

4) Uppdrátt Ásgeirs L. Jónssonar: Láglandi A.-Eyjafjalla, blað nr. 1, dagsett ág. 1941.

Við höfum kynnt okkur staðhætti við Holtsós, sem hér segir:

A) Hinn 10. júlí s.l., fór annar okkar, S. Rist undir leiðsögn Karls Sigurjónssonar, Efstu-Grund, og bræðranna Bárðar og Páls á Steinabæjum með vatninu að austan verðu og fjöruna allt vestur að útfalli.

Hinn næsta dag, 11. júlí, fór S. Rist undir leiðsögn Andrésar Andrésssonar í Berjanesi um Berjanesland að hæstu flóðamörkum.

B) Hinn 14. ág. s.l. kl. 11.30 mættum við báðir að Steinum ásamt matsbeiðanda hrl. Agli Sigurgeirssyni. Þá voru þar mættir: Andrés Andrésson, Berjanesi, Karl Sigurjónsson, Efstu-Grund, og Páll Magnússon, Hvassafelli. Fengum við frá þeim upplýsingar um staðhætti. Ekið var að landamerkjum milli Steina og Berjanes, eins og þau eru sýnd á flugmynd, málskjali nr. 89. Ekið var einnig austur um það svæði, sem ósinn flæðir yfir, þegar hann stendur uppi.

Páll S. Pálsson hrl. var forfallaður, en við ræddum við hann á skrifstofu hans 17. s. m.

Staðhættir

Holtsós er stöðuvatn af þeirri gerð, sem landfræðingar nefna *lón*, öðru nafni *hóp*, þ. e. skilið frá sjó af mjóum granda, en hefur þó oftast útfall til sjávar um ós í gegnum grandann eða fyrir enda hans.

Það er rótgróin málvenja undir Eyjafjöllum (og einnig í Mýrdal, sbr. Dyrhólaós) að nefna slík vötn *ósa*, grandann framan við þau *fjöru* og ósinn *útfall*. Þeirri málvenju verður hér fylgt.

Sá er háttur Holtsóss, eins og margra annarra lóna, að útfallið lokast iðulega í brimum af flutningi malar og sands með ströndu fram. Hækkar þá í ósnum af vatni því, sem til hans rennur, langmest úr Holtsá. Er þá kallað, að ósinn *standi uppi*. Hækkunin getur numið allt að 4 metrum frá lægstu stöðu samkv. uppdrætti Ásgeirs L. Jónssonar. Þegar vatnsstaðan nær jafnt fremstu graslendis bökkum er kallað, að ósinn sé *bakkafullur*. Við hæstu stöð-

ur flæðir hann langt upp á bakka, yfir engjar og jafnvel tún.

Þessari vatnsborðshækkun eru þau takmörk sett, að hún hættir þegar:

- 1) leki frá ósnum út í gegnum fjörukambinn er orðinn jafn aðrennsli áa og lækja í ósinn.
- 2) fjörukamburinn grefst sundur af vatnsþunganum.
- 3) menn grafa ósinn út.

Af þessum staðháttum leiðir, að austurmörk Holtsóss færast ýmist austur eða vestur yfir landamörk jarðarinnar Berjaness, eins og þau landamörk voru okkur sýnd og hafa verið merkt á flugljósmynd (málskjal nr. 89).

Bæði flugmyndir og landabréf sýna austurmörk óssins talsvert mismunandi, ýmist öll vestan við landamörk Berjaness eða — á syðsta kaflanum — alllangt austan þeirra, og mun þetta stafa af mishárri vatnsstöðu, þegar land var mælt hverju sinni.

Svo lengi sem menn hafa áreiðanlegar spurnir af, hefur ósinn staðið uppi um einhvern tíma og oft hvað eftir annað á hverju ári og jafnoft grafið út, stundum af sjálfsdáðum og stundum af manna völdum.

Ef ekki væri gripið inn í þessa náttúrlegu hringrás með því að grafa ósinn út með verkfærum, er einsætt, að uppistöðutími hans yrði lengri og útfallstími styttri en verið hefur að undanfögnu. En engin tók eru á að áætla, hver yrði tímalengd hvors ástands um sig.

Þó má telja fullvíst, að án inngrips af manna hálfu, mundi ósinn iðulega, naumast sjaldnar en árlega, grafast fram af sjálfsdáðum, svo að vatnsborð hans lægi nálægt lágmarki vikum eða mánuðum saman. Það ástand óssins er hið sama og í málskjölum er kallað „með eðlilegum hætti“, og verður einnig að líta svo á, að sé hið sama sem í Vatnalögum er nefnt „lágflæði“ og skýrgreint sem „venjulegt lægsta vatnsborð“.

Niðurstaða

Í vatnalögum, 2. kafla, 4. gr., 5. tölulið, kveður svo á, að „jafnan skal miða við lágflæði í vatni“. — Samkvæmt því er afstaða Holtsóss og landamerkja Berjaness sú, að eins og þau landamerki eru sýnd á áður nefndu málskjali nr. 89, þá nær Holtsós ekki að Berjanesslandi.“

Hinn 1. september 1971 staðfesti matsmaðurinn Sigurjón Rist ofangreinda matsgerð fyrir dóminum. Jafnframt var fært til bókar:

„Lögmaður stefnda spyr: „Telur matsmaður, að það sé rangt,

að Berjanesbóndi geti veitt í sínu landi, þegar ósinn er uppi“? Matsmaðurinn kveður þá matsmenn hafa kynnt sér málsskjölin og í þeim sé að finna bréf frá veiðimálastjóra, þar sem veiðimálastjóri taki afstöðu til þessa atriðis. Síðan segir matsmaður: „Ég bendi á, að þessi spurning sé utan við það verksvið, sem okkur var falið að framkvæma með dómkvaðningunni, en vísa til áðurgreinds bréfs veiðimálastjóra varðandi þetta atriði.“ — Lögmaður stefnda spyr: „Hefur matsmaður sannreynt, hversu lengi ósinn er í lægstu stöðu í hvert sinn“? Matsmaður vísar til matsgjörðar, en kveður engin tók á að áætla nákvæmar, hversu lengi þetta ástand vari í hvert sinn. Hann kveður það koma fram í matsgjörðinni, að óssins eðlilega ástand sé það, að hann er með lengsta stöðuga vatnsborð, þegar hann er opinn, þó gætir aðeins flóðs og fjöru. — Matsmaðurinn kveðst leggja áherslu á það, að vatnsborð óssins geti verið mjög breytilegt, þegar hann stendur uppi, „það er eðli vatnsborðsins að vera breytilegt, þegar ósinn stendur uppi.“ Aðspurður kveður matsmaðurinn þá matsmennina ekki hafa framkvæmt neinar botnsrannsóknir á leirusvæðinu við Holtsós, enda kveðst hann ekki geta séð annað en þeir hafi getað svarað spurningunni, sem fram kemur í matsbeiðninni án þess. — Matsmaðurinn er spurður að því, hvort hann geti sagt um, hvenær framburður féll út við austurtakmörk Holtsóss. Matsmaðurinn segir: „Áður fyrr hefur Svaðbælisá flutt aur inn á svæðið, nú er hún ekki til staðar. Varðandi upphleðslu á aurburði í Holtsós er rétt að vekja athygli á, að hreyfingar á vatni eru hægari og dempaðri, ef útfallið liggur svo vestarlega sem nú er, svo að aurinn, sem berst í ósinn nú, kemst síður út. Og enn fremur má benda á í þessu sambandi, að nú er það minna vatn, sem rennur út, þar sem Svaðbælisá er ekki lengur til staðar, og er því hæfileiki svæðisins minni til þess að flytja aurburð til hafs. — Matsmaðurinn tekur fram, að þeim matsmönnum hafi verið sagt, að 1947 hefði sest mikill Hekluvikur í Holtsós, og kveður hann mjög auðvelt að kanna það með botnsrannsóknnum. — Matsmaðurinn er spurður að því, hvort hann hafi skoðað Svaðbælisá og rannsakað hana með tilliti til framburðar. — Matsmaðurinn kveðst enga rannsókn hafa gert á Svaðbælisánni varðandi aurmagn, heldur aðeins gengið með henni. Hann kveður hinsvegar hægt að rannsaka þetta, en þær rannsóknir séu umfangsmiklar. — Matsmaðurinn kveður þeim hafa verið sagt, að Holtsós hafi grynnað í seinni tíð. Hann kveður, að eftir því sem ósinn sé grynna berist meira af sandi og leir botnsins með vindöldum, þ. e. vindaldan hafi meiri

áhrif til að bera botnefnið. Matsmaðurinn getur ekki sagt frekar um áhrif vinda við að flytja til efni úr botni og bökkum. — Upplesið, játað rétt bókað með eftirfarandi athugasemd: „Í matsgjörðinni á bls. 2 er sagt, að vatnsborðshækkunin (vatnsborðsbreyting) hættir, þegar atriði nr. 1 á bls. 2 er fyrir hendi, þá er komið á jafnvægi, en í hinni síkviku og breytilegu veðráttu, sem er hér á landi, lít ég svo á, að það ástand haldist ekki nema skamma stund og geti því á engan hátt talist lágflæði vatnsins, þ. e. eðlileg staða vatnsins.““

Matsmaðurinn Guðmundur Kjartansson kom fyrir dóminn hinn 1. september 1971 og staðfesti matsgerðina.

Þá var jafnframt fært til bókar:

„Aðspurður kveður matsmaðurinn, að víðáttumörk Holtsóss séu við lægsta vatnsborð nær því að vera stöðug en við hæsta vatnsborð, enda þótt hvorug mörkin séu stöðug. — Aðspurður kveður matsmaðurinn mjög ólíklegt, að botnsrannsóknir á Svaðbælisá mundu leiða til svars við þeirri spurningu, hver áhrif aurframurður árinna hefur haft á stærð Holtsóss. — Matsmaðurinn kveður yfirgnæfandi líkur til þess, að efnið í leirnum við suðausturströnd Holtsóss, sbr. ljósmyndina á dskj. nr. 89, sé að langmestu leyti úr Svaðbælisá. — Aðspurður kveðst matsmaðurinn ekki vita, í hve langan tíma Svaðbælisá hefur runnið í Holtsós, en á meðan hún hefur runnið í ósinn, hefur hún að sjálfsögðu jafnt og þétt borið leir og sand í ósinn.“

Með bréfi, dagsettu 16. september 1971, skaut stefndi ofangreindu mati til yfirmats, sbr. 3. tl. 94. gr. laga nr. 25/1970.

Yfirmatsmennirnir, þeir Gizur Bergsteinsson hæstaréttardómari, Gunnlaugur E. Briem ráðuneytisstjóri og Sigurður Sigurðsson bóndi, skiluðu yfirmati, sem dagsett er 9. nóvember 1971, og er það svohljóðandi:

„Yfirmat.

Hinn 29. mars 1971 voru þeir Guðmundur Kjartansson jarðfræðingur og Sigurjón Rist vatnamælingamaður dómkvaddir af sýslumanninum í Rangárvallasýslu til að meta „hvar takmörk stöðuvatnsins Holtsóss séu gagnvart jörðinni Berjanesi.“ Þeir kváðu upp mat sitt 18. ágúst 1971, og er niðurstaða þeirra þessi:

„Í vatnalögum, 2. kafla, 4. gr., 5. tölulið, kveður svo á, að „jafnan skal miða við lágflæði í vatni“. — Samkvæmt því er afstaða Holtsóss og landamerkja Berjaness sú, að eins og þau landamerki

eru sýnd á áðurnefndu málskjali nr. 89, þá nær Holtsós ekki að Berjanesslandi“.

Með bréfi, dags. 16. september 1971, móttæknu sama dag, skaut Páll S. Pálsson hrl. f. h. Andrésar Andréssonar, bónda í Berjanesi, framangreindu undirmati til yfirmats samkvæmt 94. gr. laga nr. 76/1970.

Hinn 31. október 1971 fóru undirritaðir yfirmatsmenn austur að Holtsós og könnuðu staðhætti. Með þeim voru í vettvangsgöngu Páll S. Pálsson og Egill Sigurgeirsson hæstaréttarlögmenn, Andrés Andrésson bóndi, Berjanesi, Karl Sigurjónsson bóndi, Efstu-Grund, Bárður Magnússon bóndi, Steinum, og Páll Magnússon bóndi, Hvassafelli.

Undirmatsgerðin geymir skilmerkilega lýsingu á Holtsós, eðli hans og háttum, og er vísað til hennar í þessu efni.

Úrlausnarefni í máli þessu er það, hvar eru takmörk Holtsóss sem veiðivatns gagnvart jörðinni Berjanesi.

Auðsætt er af gögnum máls þessa, að ósinn nær, þegar hann stendur uppi, alllangt upp á land Berjaness, þannig að telja má, að takmörk hans fylgi 4 metra hæðarlínu á uppdrætti Ásgeirs L. Jónssonar vatnsvirkjafræðings, dags. í ágúst 1941. Telja verður, að ábúandi Berjaness hafi aðstöðu til að veiða fisk í ósnum í óumdeildu Berjanesslandi, þegar ósinn er uppi.

Með skírskotun til þess, sem að framan er rakið, ber að kveða svo á, að takmörk Holtsóss séu í Berjanesslandi við 4 metra hæðarlínu samkvæmt uppdrætti Ásgeirs L. Jónssonar vatnsvirkjafræðings, dags. í ágúst 1941.“

Við hinn munnlega málflutning mótmæltu stefnendur yfirmatsgerðinni sem rangri, óstaðfestri og þýðingarlausri fyrir málið. Jafnframt voru lögð fram af þeirra hálfu bréf lögmans þeirra til matsmannsins Sigurjóns Rists, dagsett 16. nóvember, og svarbréf matsmannsins, dags. 26. nóvember 1971.

Eru bréf þessi svohljóðandi:

„Hr. Sigurjón Rist
Reykjavík

Holtsós — mat.

Í matsgerð ykkar Guðmundar Kjartanssonar segir um vatns-hækkun í Holtsós, að hækkunin geti numið allt að 4 metrum frá lægstu stöðu samkvæmt uppdrætti Ásgeirs L. Jónssonar.

Vinsamlegast látið mér í té svör við eftirfarandi spurningum:

- 1) Hvaðan eru þær upplýsingar, að hækkunin geti numið 4 metrum?
- 2) Hver er hin lægsta staða, sem átt er við?
- 3) Hvað skeður það oft á ári eða árabili, að ósinn fari í 4 metra?
- 4) Hvað mun ósinn venjulega fara hátt, áður en hann er mokaður út eða opnast aftur?
- 5) Hafið þér sjálfur framkvæmt mælingar á vatnshækkun Holtsóss?

Þætti mér vænt um, ef ég gæti fengið ofangreindar upplýsingar við fyrstu hentugleika.“

„Egill Sigurgeirsson
hæstaréttarlögmaður
Ingólfsstræti 10 R.

Varðar matsgjörð við Holtsós

Sem svar við bréfi yðar 16. þ. m. vil ég taka fram eftirfarandi:

1. Kort Ásgeirs L. Jónssonar gefur hæðarlínur í landslaginu og sé það lagt til grundvallar og athugað, hvert vatnsborðið náði samkvæmt athugunum og upplýsingum fengnum á vettvangsgöngu, þá er mesta hækkun nálægt 4 metrum, þ. e. a. s. frá venjulegri stöðu (þegar ósinn er úti).
2. Lægsta staða er hér notað yfir hið sama og ósinn sé úti.
3. Engin heilsteypt skráning hefur fundist, sem getur sýnt, hve oft á ári ósinn stíflast að meðaltali.
4. og 5. Get ekki svarað þessum spurningum í bréfi yðar. Til þess að svar fáist, þarf að framkvæma mælingar um nokkurt tímabil og þá fengist jafnframt nákvæmni varðandi atriðin í spurningum nr. 1 til 3.

Til fróðleiks um staðsetningu vatnshæðarmælistöðva á Íslandi læt ég hér með fylgja teikn. Fnr. 9750.“

V.

Stefnandinn Einar Sigurðsson hefur ásamt Þórði Tómassyni safnverði og Sigurjóni Sigurðssyni frá Ormskoti undirritað yfirlýsingu, sem dagsett er 18. júní 1969, dskj. nr. 4, svohljóðandi:

„Síðsumars 1949, að okkur minnir, fórum við þrír undirritaðir, Sigurjón Sigurðsson bóndi, Ormskoti, Þórður Tómasson Vallnatúni og Einar Sigurðsson bóndi Varmahlíð til móts við Andrés Andrés-son, bónda í Berjanesi, Austur-Eyjafjallahreppi, sem þá var við veiðiskap með fyrirdráttarneti í Holtsósi, austast á Holtsfjöru,

ásamt Kolbeini Gissurarsyni í Selkoti. Bentum við Andrési á, að hann væri þarna við veiðiskap í heimildarleysi í annarra landi og kröfðumst þess, að hann færi brottu.“

Stefnandinn Einar Sigurðsson kom fyrir dóminn 7. nóvember 1969 og kvað þá rétt frá greint í framangreindri yfirlýsingu. Aðspurður af lögmanni stefnda: „Hvenær telur mætti, að Andrés Andrésson hafi fyrst stundað veiðar í Holtsósi, svo að hann reki minni til?“, svaraði Einar: „Þessu get ég alls ekki svarað, því að hann veit það best sjálfur.“ Frekar aðspurður: „Vissi mætti til þess, að Andrés stundaði veiðar í Holtsósi fyrir þann tíma, sem í vottorðinu greinir“, svaraði Einar: „Mér datt það svona í huga, en það er engin vissa fyrir því.“

Stefnandinn Karl Sigurjónsson hefur hér fyrir dómi hinn 7. nóvember 1969 skýrt svo frá, að hann hafi átt heima að Núpakoti til ársins 1958, en það ár flust að Efstugrund og búið þar síðan. Jafnframt var fært til bókar „Mætti segir aðspurður, að hann telji, að það byggist á gömlum reglum eða reglugerð, að þær jarðir, sem tilgreindar eru á dómskjali nr. 10, og jafnvel allir hrepps-búar taki þátt í ósmokstrinum og jafnvel þeir menn, sem áttu þar leið um, er mokstur stóð yfir.“ — „Lögmaður stefnda spyr: „Á hverju byggist kostnaðarniðurjöfnun á dskj. nr. 10?“ — Mætti svarar: „Þegar ósinn kemur upp, nær hann yfir land þeirra jarða, er nefndar eru á dskj. nr. 10 eða að landi sumra þeirra jarða, en ekki allra, en þegar ósinn teppist, nær hann að landi allra jarðanna.“ — Lögmaður stefnda spyr: „Hvaða jarðir nefndar á dskj. nr. 10 eiga ekki land að ósnum, þegar hann er opinn?“ — Mætti svarar: „Ekki Berjanes. Indriðakot o. fl. áttu land að ósnum og eiga veiði í ósnum, sbr. nýleg landskipti.“ — Aðspurður um, hvort stefnendur hafi allir stundað veiði í ósnum, eða hvernig veiðiskap stefnenda á Holtsós hafi almennt verið háttað, segir mætti, að sumir þeirra stundi nær aldrei veiðiskap í Holtsós, en hjá öðrum falli úr ár og ár. — Er mætti er spurður um, hvernig veiðiskap á-búenda Efstu-Grundar í Holtsósi sé og hafi verið háttað, kveðst hann geta svarað því með sömu orðum og áður, að fallið hafi úr ár og ár og stundum hafi veiðin verið svo lítil, að ekkert hafi veiðst, þótt reynt væri. Mætti upplýsir einnig, að veiðifangið, silungurinn, sé eingöngu notaður til heimilisþarfa, en ekki seldur. — Mætti kveður aðspurður ósinn svo grunnan, að hægt sé að vaða hann og sé veiðiskapur því ekki stundaður með bátum. — Lögmaður stefnda spyr: „Hvað veit mætti um veiði Andrésar í Berjanesi í Holtsósi fyrr eða nú?“ — Mætti svarar: „Ég veit, að 1948 kom Andrés

heim að Núpakoti, vegna þess að faðir minn hafði átt hlut í Berjanesi, og þá ræddu þeir um, sérstaklega Andrés, að reyna að fá veiðirétt í Holtsósi, en þeim var það báðum ljóst þá, að þeir ættu ekki veiðiréttinn. Frá því ég kom að Efstu-Grund 1958, hef ég aldrei hitt Andrés í Berjanesi við veiðiskap í Holtsós, en haft grun um, að hann stundaði þar veiði, enda hefur hann látið orð falla í þá átt. Ég tel mig vita um það, að Andrés í Berjanesi hefur beðið um það eða viljað fá leyfi til þess að mega stunda veiði í Holtsósi, en „þó aldrei beðið mig um það““. — Mætti kveðst aldrei hafa stundað veiði í Holtsósi, þegar hann er tepptur, og almennt sé það ekki gert, enda flýti menn sér að taka netin upp, þegar ósinn er að teppast.“

Stefnandinn Bárður Magnússon, sem er fæddur 10. október 1911 í Steinum, hefur hér fyrir dómi hinn 7. nóvember 1969 skýrt svo frá:

„Aðspurður kveðst mætti hafa átt heima í Steinum alla tíð að undanskildum 12—14 árum frá 1943—1955 eða 6, en þá kveðst mætti hafa átt heima í Hlíð og síðan í Berjaneskoti. — Mætti kveðst aðspurður ekki geta sagt um, hvenær Andrés í Berjanesi byrjaði að stunda veiði í Holtsósi.“ — „Lögmaður stefnda óskar bókað: „Þar eð stefndi heldur því fram, að hann hafi stundað veiði í Holtsósi um eða yfir 40 ára skeið, óska ég, að mætti, stefnandi málsins, sé um það spurður, hvort hann telji þetta rangt, og ef svo er, hve lengi hann telji, að stefndi Andrés hafi stundað þennan veiðiskap““. — Lögmaður stefnanda óskar bókað: „Mótmæli með vísun til þess, að mættur hafi nú þegar svarað hluta þessarar spurningar, en annars mótmæli ég því, að spurningin sé lögð fyrir mættan og krefst úrskurðar um það atriði.“ Lögmaður stefnda óskar bókað, að hann telji ekki úrskurðar þörf og spurningin megí hvíla.“

Í skýrslu, sem dagsett er 10. desember 1969, hefur Bárður Magnússon m. a. skýrt svo frá:

„Vegna þess, sem skeði í réttarhaldi 7. nóv. . . vil ég upplýsa eftirfarandi. Um minn eigin veiðiskap er það að segja, að Berjaneskot hefur aldrei átt veiðirétt í Holtsós, en í þau fáu skifti, sem ég fór í ósinn að veiða, fór ég með bræðrum mínum í Steinum, en aldrei með Andrési í Berjanesi eða neinum öðrum. 1948 kaupi ég Steina II og byrja að nýta þá jörð 1952 og nota veiðiréttinn þá um leið. Um veiðiskap Andrésar veit ég ekki annað en að eftir að ég flyt að Steinum 1955, er hann farinn að veiða í ósnum, en fyrir þann tíma er mér alls ókunnugt um, að hann hafi veitt í ósn-um.“

Stefnendurnir Sigurbergur Magnússon, Einar Sigurðsson, Halldór Gunnarsson og Haraldur A. Ólafsson hafa í yfirlýsingu, dagsettri 13. október 1970, skýrt svo frá:

„Yfirlýsing.

Samkvæmt framkomnum óskum, viljum við undirritaðir veiðiréttarhafar í Holtsós undir Eyjafjöllum taka fram eftirfarandi um veiðiskap okkar undanfarin ár:

Ef aðstæður hafa leyft, hefur veiði hafist í apríl og lokið í september ár hvert. Veiðin var stunduð að mestu með lagnetum, en af einstökum með ádrætti, þannig þó, að eigendur jarða í Austur-Eyjafjallahreppi veiddu eingöngu austan hreppamarka, og eigendur jarða í Vestur-Eyjafjallahreppi veiddu vestan hreppamarka. Veiðiskapurinn var og er misjafnlega stundaður eftir ástæðum hvers og eins. Þegar Holtsós teppist á veiðitímanum, er frekari veiði nær óframkvæmanleg vegna dýptar ósins við þær aðstæður.

Eldri menn muna eftir góðri veiði í Holtsós áður fyrr, en eftir Heklugos 1947 fór veiði ört minnkandi, þannig að s.l. 20 ár hefur veiði einstakra landeigenda verið lítil og þá eingöngu til heimilisþarfa. Þessvegna ákváðu allir landeigendur að Holtsós þann 15. mars 1969 að stofna með sér félagsskap til að auka fiskigegnd í ósnum. Settar voru sérstakar reglur til veiðitakmörkunar, t. d. bannaður ádráttur, bönnuð veiði á vissum svæðum og lágmarksstærð möskva í lagneti ákveðin. Einnig var stefnt að því, að árlega yrði sett í ósinn um 5—7 þúsund silungaseiði.

Það hefur verið gert undanfarin tvö sumur.“

VI.

Stefndi Andrés Andrésson hefur í aðiljaskýrslu, dags. 18. september 1969, dskj. nr. 30, m. a. skýrt svo frá:

„Á þeim tíma, sem vottorðið á dskj. 5 var gefið, þ. e. á árinu 1948, þá var ég ekki eigandi að Berjanalandi. Ég var þá ábúandi að jörðinni að hálfu. Ég vildi að sjálfsögðu losna við amstur og greiðslur vegna ósmoksturs, því ég vissi ekki, hvað þung kvöð þetta yrði á mér sem einyrkja, þá með fullt hús af börnum. Ég var þá ekki jarðeigandi og gerði mér að sjálfsögðu ekki eins ljóst og nú, þegar ég er málum kunnugri, hve mikinn rétt Berjanes á til veiði í ósnum og að þeim rétti verður ekki afsalað. Hinsvegar hefur lögfræðingnum sést yfir seinni hluta vottorðsins á dskj. nr. 5, því að þar segir, að við sem undirritum skjalið, séum reiðubúnir að bera kostnað af útmokstri í réttu hlutfalli við þá, sem

ósinn eiga, ef það sé þeirra vilji að gera okkur sér jafnréttháa til veiði í ósnum og veita okkur fulla heimild til þess. Tökum við fram, að við sendum lista yfir Berjanesið, eins og við höfðum komið okkur saman um, að hver ætti af því eftir síðasta jarðarmati. — Með þessum orðum gáfum við kost á því að taka því aðeins þátt í útmokstri, að viðurkennt væri, að við hefðum veiðirétt í ósnum. Ég leyfi mér hér með að vitna til skjala, sem lögmaður minn hefur lagt fram í réttinum nr. 10, 11 og 12, svo og til kvittunar Ræktunarsambandsins frá 9. júlí 1969, þar sem fram kemur, hver hefur verið hlutur minn sem bónda í Berjanesi til greiðslu á kostnaði vegna ósmoksturs í Holtsósi. Frá árinu 1951 til ársins 1962. Þar sést, að miðað er við jarðarhundruð, og mun svo hafa verið um þátttöku allra jarða, sem land eiga að ósnum. Þetta tel ég sönnun þess að minnsta kosti um þetta tímabil þá hafi það verið viðurkennt og játað af öllum aðilum, einnig stefnendum máls þessa, að Berjaneslandið á land að Holtsósi ásamt öllum þeim réttindum, sem því fylgja.

Ég vil taka fram strax til þess að forðast allan misskilning, að ég tel tvímælalaust, að jörð mín Berjanes eigi land að Holtsósi

Þegar mér varð þetta ljóst, sá ég, að Berjanes hafði ætíð haft og átt eignarrétt að Holtsósi.

Við nánari athugun verður mér einnig ljóst, að hvernig svo sem landamerkjalinan hefur verið ranglega túlkuð á síðari áratugum, að þá sýna aðstæður, að Berjanes liggur að Holtsósi. Uppdráttur Íslands, sem ég hefi í höndum, síðast endurskoðaður 1950, sýnir þetta vel. Ég lít svo á, að taka verði með í reikninginn, hvernig árnar, sem að Holtsósi liggja, hafa smátt og smátt grynnt hann, síðan kortið var gert, og tel ég ekki, að það eigi á nokkurn hátt að skerða rétt jarðar minnar til veiði í ósnum.

Þá vil ég ræða nokkuð um veiðiréttinn í Holtsósi. Ég fullyrði, að svo langt sem elstu menn muna, þeir er til þekkja, þá hefur Berjanes veitt í Holtsósi. Ég læt hér nægja að segja mína sögu. Ég er fæddur 1901, og ég fluttist að Steinum 1903. Frá því að ég man fyrst eftir mér, stunduðu Berjanesbændur veiði í Holtsósi. Lagnet voru lögð frá fjörunni út í ósinn. Einnig var stunduð dráttarveiði úti í almenningi vatnsins og með fjöruandinu. Ég var hjá föður mínum í Berjaneskoti frá 1921 til 1932, að ég fór að búa í Berjanesi. Ég hef búið þar síðan. Ég hef ætíð stundað veiði óátalið í ósnum síðan. Að vísu hefur verið lagt fram skjal í málinu, eins konar yfirlýsing frá þremur mönnum, Þórði Tómas-

syni, Einari Sigurðssyni og Sigurjóni Sigurðssyni, um það, að þeir hafi síðsumars 1949 komið að mér, þar sem ég var við veiði, og bent mér á, að ég væri að veiðiskap í heimildarleysi í annarra landi. Þetta vottorð er uppspuni einn. Því til sönnunar aflaði ég mér vottorða, sem lögð hafa verið fram í málinu sem dskj. nr. 16 og 17, en þau eru gefin af hreppstjóra Vestur-Eyjafjallahrepps nú í sumar. Í öðru vottorðinu segir, að Ólafur Sigurjónsson hafi byggt jörðina Ormskot frá árinu 1950—1960, en í hinu að Sigurjón Sigurðsson hafi verið ábúandi að Miðskála 1 frá 1928 til 1952. Þá spyr ég, hvernig þessir sömu menn gátu komið til mín árið 1949 sem ábúendur þarna í nágrenninu. Ég leyfi mér þess vegna að mótmæla þessu vottorði sem röngu og krefst þess, að vottorðsgefendur verði látnir staðfesta það fyrir rétti, ef mark á að taka á því.

Hitt er sannast mála, og það er það eina, sem ég man eftir, að mótmælt hafi verið, að einhvern tíma á árinu 1951 rakst ég á Sigurjón Sigurðsson af tilviljun. Sigurjón var þá bóndi að Miðskála, þegar ég var í veiði á Holtsfjöru og lentum við í orðasennu. Þá kann að vera, að Sigurjón hafi m. a. verið að bera mér á brýn, að ég væri að veiða, þar sem ég átti ekki að vera. Mun hann ef til vill hafa tekið upp þykkjuna fyrir son sinn, sem þá bjó í Ormskoti. Hinsvegar tel ég mótmæli sem þessi þykkjuorð voru að engu hafandi, enda sýndi ég það í verki alla tíð síðan.... Ég hefi lagt fram bréf mitt til veiðimálastjóra frá 6. apríl s.l. og vil enn undirstrika, að ég var þá eigi nógu fróður um það, að land mitt liggur ætíð að Holtsósi, hve langt sem vatnið nær.

Þá vil ég einnig undirstrika, hvaða sérstöðu Holtsós svonefndur hefur með tilliti til framburðar ána, sem ég hefi minnst á, og að honum liggja. Hér er um að ræða einskona stöðuvatn, er suma tíma er dýpra á einum staðnum en öðrum, og tel ég, að ekkert ákvæði vatnalaga eða annarra laga um það, að slíkar tímabundnar breytingar eyðileggi veiðirétt einnar jarðar eða annarrar frá einum tíma til annars, fái staðist.“

Á dskj. nr. 92 er svofellt bréf frá stefnda:

„Með tilvísun til samnings frá 15. júlí 1945 um bann við útmokstri Holtsóss, innritað í veðmálabækur Rangárvallas. 31. júlí 1945 til þinglesturs, svo og með tilvísun til samnings, gjörðan að Holti 20. jan. 1946, um útmokstur Holtsóss, sem á að vera í vörslu prestsins í Holti, geri ég kröfu til þess, að ósinn sé mokaður út nú þegar. Og liggja til þess margar ástæður, er nú skal greina: Þetta var og er enn áreiðanlega besti og fengsælasti tími til veiða, sér-

staklega með ádrætti svo og lögn, ef vel er passað fyrir fugli, ósinn kreppir mjög að högum hjá mér og liggur yfir landi, er ég þarf að nota til beitar, tel ég líka síður en svo til bóta að fá mikinn vöxt af grasi á beitolandið, sem fellur þá æfinlega fyr, ef vöxtur er mikill, svo er alltaf fyrir hendi flæðihætta á fénaði, þegar ósinn er yfir og skepnur í haga og misflæði myndast vegna vinda, stendur og oft æðimikill kuldi af ósnum, þegar hann flæðir svo hátt og nærri, mætti og líka hafa í huga allan þann fjölda hreiðra varp fugla, sem að vísu er mikið þegar eyðilagt, þótt enn sé mikið eftir, og síðast en ekki síst horfir nú svo óvænlega, að garðlönd mín eru í hættu og gæti vel svo farið að þar yrði tjón á ef ósinn fær að vaxa og ekkert er að gjört.

Að þessu öllu athuguðu vona ég, að ósnefnd taki þessi rök gild og telji óskir mínar sanngjarnar og taki því kröfur mínar til greina, en í fyrrnefndum samningi frá 20/1 1946 er lofað að virða sérstakar sanngjarnar óskir Berjanesbóndans, og á ósnefndin þar um ákvörðun í hvert skipti.

Virðingarfyllst,
Berjanesi 9. júní 1970
Andrés Andrésón.

Til formanns Ósnefndar
prestsins að Holti.“

Stefndi hefur hér fyrir dómi hinn 7. nóvember 1969 gefið skýrslu í málinu og var þá fært til bókar:

„Mætta er sýnt dskj. nr. 5, og kannast hann við að hafa undirritað það og segir sig einnig hafa skrifað það. Mætta er þá sýnt dskj. nr. 6, og kveður hann sig hafa ritað það og undirritað, en kveður það hafa átt að vera stílað til fiskiræktarfélags um Holtsós, en ekki veiðifélags. Þá er mætta sýnt dskj. nr. 14, og kveðst hann hafa skrifað veiðimálastjóra það bréf. Þá er mætta sýnt aðiljaskýrsla á dskj. nr. 30, og viðurkennir hann að hafa skrifað hana og nafn sitt undir hana. Þá er mætta kynnt yfirlýsing á dskj. nr. 4 og hann spurður um atburð þann, sem þar er greindur, þ. e. tíma og orðaskipti. Mætti svarar: „Ég var þarna við veiði sumarið 1951 ásamt Kolbeini Gizurarsyni, og vorum við hættir að veiða og á leið heim. Mættum við þá Þórði Tómassyni, Einari Sigurðssyni og Sigurjóni Sigurðssyni, og aðalorðaskiptin voru milli mín og Sigurjóns, en þá var hann bóndi á Miðskála, og lentum við í orðasennu út af veiðinni, en mér fannst honum ekkert koma málið við.“ Mætti kveðst aðspurður hafa í umrætt sinn verið

að veiða frá Holtsfjöru, enda virtist það vera þegjandi samkomulag, að þeir, sem ættu land að Holtsósi eða veiðirétt í honum, mættu veiða, hvar sem þeir komu að honum. — Stefnandi spyr, hvort mætti hafi alltaf veitt fyrir vestan hreppamörkin, og stefndi svarar: „Oftast nær, en ekki alltaf“. — Mætti kveðst aðspurður hafa veitt eins og aðrir, þar sem veiði var að hafa og vatnið tilkippilegt. Mætti kveðst aðspurður alveg jafnt hafa veitt, hvort sem ósinn var opin og tepptur. — Stefnandi spyr, hvort menn flýti sér að taka upp netin, er ósinn teppist. Mætti svarar: „Já, menn flýta sér að taka þau upp eða færa þau á grynnra vatn, en oft hefi ég veitt í túninu hjá gamla bænum og í mýrinni, þegar ósinn var tepptur og mikið komið í hann“. Mætti kveðst aðspurður ávallt hafa stundað veiði í Holtsósi, frá því að hann fyrst man eftir sér. Fyrst með föður sínum frá Steinum og síðan frá Berjanesi og Berjaneskoti. Mætti kveðst aðspurður aldrei hafa beðið um leyfi til að fá að fara í ósinn. — Aðspurður segir mætti, að nágrönnum sínum hljóti að hafa verið kunnugt um veiði sína í Holtsósi og margir hafi farið með honum af öðrum bæjum, enda hafi hann þótt fiskinn. — Stefnandi spyr: „Var Berjanesið í eyði fyrir 1950, t. d. 1948 og 1949?“ — Mætti svarar: „Fardagaárið 1948 og 1949 bjó enginn í húsunum, en ég nytjaði jörðina og hafði ábúð á henni og leigði slægjur og stundaði veiði í ósnum eins og vant var“. — Mætta er kynntur framburður stefnanda Karls Sigurjónssonar um heimsókn mætta til föður Karls að Núpakoti á árinu 1948 og hann spurður, hvort hann muni eftir heimsókn þessari og orðræðum þar. Mætti svarar: „Ég hefi ekki nokkurt minni til þess og tel ólíklegt, að svo hafi verið, enda var ég þá búinn að veiða í Holtsósi yfir 20 ár, eða frá því ég kom suður úr.““

VII.

Árni Sæmundsson, hreppstjóri Vestur-Eyjafjallahrepps, hefur gefið svohljóðandi vottorð:

„Samkvæmt Hreppaskilabók Vestur-Eyjafjallahrepps er Sigurjón Sigurðsson talinn vera ábúandi á Elliðaskála I hér í hreppi frá árinu 1928 til ársloka 1952.

Þetta vottast hér með

Stóru Mörk 2. júní 1969“

Lúðvík J. Hjörtpórsson hefur hinn 10. júlí 1969 gefið svohljóðandi vottorð:

„Ég undirritaður, Lúðvík Hjörtpórsson, Miðstræti 30, Vestmannaeyjum, sem var ráðsmaður hjá þáverandi leigutökum að

Berjanesi, Ólafi Hvanndal, prentsmiðjustjóra, Reykjavík, og Lárusi H. Bjarnasyni, skólastjóra, á fyrristríðsárunum og eftir það, þ. e. frá 1914—1920, að sumrinu til á jörðinni Berjanesi, Austur-Eyja-fjallahreppi, Rangárvallasýslu, get vottað það, að þessir jarðar-ábúendur sendu mig oft og iðulega í veiðiskap í Holtsós undir Eyjafjöllum, og var ég aldrei var við, að neinn fyndi að þessu. Jörðina mun hafa átt Þorvaldur Björnsson á Þorvaldseyri. Hafði hann vinnumann á Þorvaldseyri, Magnús á Orustustöðum í Örafum, og sendi hann hann til veiða í Holtsós, þegar honum þótti heppilegast, og gerði hann það í skjóli eignarréttar síns að Berjanesinu. Var aldrei neitt að þessu fundið, og gerðu engir athugasemdir við þetta í þá daga.

Þetta er ég reiðubúinn að staðfesta fyrir dómi, ef þess gerist þörf.“

Séra Jón M. Guðjónsson hefur hinn 2. janúar 1970 gefið svofellt vottorð:

„Með tilvísun til samtals okkar í síma s.l. haust varðandi veiðirjett í Holtsósi u. Eyjafjöllum skal nú endurtekið brjeflega það, er jeg sagði þá, að tilmælum þínum.

Þau 12 ár (1934—1946), sem jeg var í Holti, var mjer ekki vitanlegt annað en að þau býli, sem heyrðu undir Holtstorfuna, hefðu ein veiðirjett í Holtsósi svo og Steinar. Heyrði jeg engan bera brigður á, að svo væri. — Hins vegar ljetu ýmsir, sem bjuggu í nálægð óssins, í það skína, að ósanngjarnt væri, er amast var við, að þeir fengju að skreppa í hann stöku sinnum til að fá sjer í soðið. — Til að fyrirbyggja nokkra ágengni í þessu efni varð það að ráði með okkur búendum í Holtshverfi, Einari, bónda í Varmahlíð, og Magnúsi, bónda í Steinum, að við sömdum og undirrituðum allir plagg þar um, að engum óviðkomandi skyldi leyft að veiða í ósnum, nema með leyfi og í samfloti við einhvern okkar. — Það, sem að baki lá þessari samþykkt, var, að undirstrika rjettinn til veiðinnar, og í annan máta að mæta nágrönnum með nokkurri til-litssemi. Ekki er mjer kunnugt um annað en að friðlega gengi til með veiðina eftir þessa ráðstöfun.“

Anna Jónsdóttir, Seljavöllum, hefur í vottorði, dagsettu 23. nóvember 1969, skýrt svo frá:

„Ég undirrituð lýsi því hérmeð yfir, að er ég bjó með manni mínum Óskari Ásbjörnssyni í Berjanesi á árunum frá 1928—1937, átti Berjanesið engan rétt til veiði í Holtsós.“

Sigurgeir Ingvarsson, Eyrarvegi 9, Selfossi, hefur í vottorði, dags. 1. desember 1969, skýrt svo frá:

„Út af fyrirspurn frá Bergi Magnússyni, Steinum.

Þegar ég bjó í Berjanesi, Austur-Eyjafjallahreppi, árin 1938—39, var mér vitanlega ekki heimilt, eða notfærði mér veiði í Holtsós.

Hafi sú heimild verið til, var hún án minnar vitundar.“

Séra Halldór Gunnarsson hefur hinn 4. desember 1969 gefið svofellt vottorð:

„Holtsprestakall.

Vottorð.

Samkvæmt sóknarmanntali Holtsprestakalls, sem nær yfir árin 1934—1953, að undanskildum árunum 1937 og 1949, vottast eftirfarandi um ábúð Andrésar Andréssonar, nú bónda að Berjanesi, Austur-Eyjafjallahreppi:

Árin 1934—1936: Ábúandi að Berjanesi II.

— 1938—1942: Ábúandi að Berjanesi II.

— 1943—1947: Ábúandi að Berjanesi

Árið 1948 : Ábúandi að Efstu-Grund, Vestur-Eyjafjallahr.

Árin 1950—1953: Ábúandi að Berjanesi.“

Tómas Ól. Ingimundarson, Gnoðarvogi 20, Reykjavík, hefur gefið svohljóðandi vottorð, ódagsett:

„Ég undirritaður Tómas Ólafur Ingimundarson fæddur að Ysta-Bæli 22. júlí 1919, votta hér með að hafa farið í ádráttarveiði í Holtsós með Andrési Andréssyni, bónda í Berjanesi, allt frá 14 ára aldri, þar til ég fluttist til Reykjavíkur 1945.“

Kjartan Tómas Guðjónsson, Skólastíg 26, Bolungarvík, hefur hinn 4. maí 1970 gefið svohljóðandi vottorð:

„Ég undirritaður, Kjartan Tómas Guðjónsson, sem er fæddur í Hlíð Austur-Eyjafjöllum 29. 3. 1907 og var þar til 1935, get vottað það, að frá því að Andrés Andrésson, Berjanesi, flutti frá Steinum árið 1921 og til þess tíma, er ég flutti frá Hlíð, fór ég oft og árlega með Andrési til veiða í Holtsósi að sunnanverðu.

Aldrei varð ég var við, að hann færi neitt leynt með sínar veiðiferðir. Aldrei heyrði ég getið um annað en að Berjanesið og Berjaneskotið ættu fullan veiðirétt í ósnum jafnt að sunnanverðu sem að austanverðu, og er það fyrst nú, að ég heyri það véfengt.“

Þórður Tómasson safnvörður, Skógum, hefur hinn 26. júní 1966 gefið svofellt vottorð:

„Úr örnefnaskrá Berjanes:

Sigurður Jónsson í Eyvindarhólum, sem ólst upp í Berjanesi og var bóndi þar, ætlar, að Nesaskákar séu kenndar við Berjanes, sem bærinn er heitinn eftir. Gamlar sagnir munu um það, að hálent

nes, vaxið berjum, hafi verið á þeim slóðum á fyrri öldum. Sjórinn og Holtsós ganga þarna á landið og gera enn.“

Sveinbjörn Ingimundarson, Ysta-Bæli, hefur hinn 8. nóvember 1969 gefið svofellt vottorð:

„Ég undirritaður Sveinbjörn Ingimundarson, Yzta-Bæli, fæddur 1. sept. 1926, get vottað, að svo langt sem ég man er mér kunnugt um, að Andrés Andrésón, bóndi í Berjanesi, hefir stundað veiði í Holtsós bæði með lagnet og fyrirdrátt og hefi ég þó nokkrum sinnum farið með honum í ósinn, bæði fyrr og síðar, enda eftirsótt að fara með honum í ósinn, því það orð lá á, að hann væri öðrum fisknari og kunnugri þar. Ég var á engan hátt var við, að Andrés færi dult með þessar veiðiferðir sínar í Holtsós.“

Ólafur Long, Grensásvegi 58, Reykjavík, hefur hinn 9. nóvember 1969 gefið svohljóðandi vottorð:

„Ég undirritaður dvaldi í Steinum frá því 1936 til 1940, að ég fór þaðan. Frá þeim tíma minnst ég þess, að það var á vitund allra þar, bæði mín og annarra, að Andrés Andrésón, bóndi í Berjanesi, stundaði veiði í Holtsós, bæði með lagnet og fyrirdrátt. Eftir að ég fór frá Steinum, dvaldi ég undir Austur-Eyjafjöllum til ársins 1942. Á þeim tíma kom það oft fyrir, að ég fór með fyrrnefndum Andrési til veiða í Holtsós með fyrirdrátt og einnig síðar einstaka sinnum.“

Jón Sigurðsson, Eyvindarhólum, hefur hinn 9. nóvember 1969 gefið vottorð, svohljóðandi:

„Ég undirritaður votta það, að ég fór til veiða með fyrirdrátt í Holtsós með Andrési Andrésyni, bónda í Berjanesi, einhvern tíma laust eftir árið 1949 og veiddum við ágætlega vel.“

Guðlaug Guðjónsdóttir, Skógum, hefur hinn 9. nóvember 1969 gefið svofellt vottorð:

„Ég undirrituð votta það, að ég fór einu sinni til veiða í Holtsós með fyrirdráttarnet með Andrési Andrésyni, bónda í Berjanesi, og fengum við ágæta veiði. Þetta mun hafa verið fyrir eða um árið 1928.“

Ingimundur Brandsson, Ysta-Bæli, hefur hinn 9. nóvember 1969 gefið svohljóðandi vottorð:

„Ég undirritaður, Ingimundur Brandsson, sem byrjaði búskap í Yzta-Bæli árið 1914 og hefi dvalið hér síðan í nágrenni Berjanes, get vottað það, að mér er kunnugt um, að Andrés Andrésón, bóndi í Berjanesi, hefur árlega stundað veiði í Holtsós síðan hann flutti á Berjanestorfuna, fyrst að Berjaneskoti og síðar að Berjanesi, enda hefur hann aldrei farið neitt dult með þann veiðiskap, og

áreiðanlega öllum kunnugt um það hér í sveit, enda margur notið góðs af.“

Sigurjón Sigurðsson, Skógum, hefur hinn 9. nóvember 1969 gefið svohljóðandi vottorð:

„Ég undirritaður, Sigurjón Sigurðsson frá Eyvindarhólum, fór eitt sinn til veiða í Holtsós með fyrirdrátt sumarið 1947 með Andrési Andrésyni, bónda í Berjanesi. Hafði hann boðið mér með sér. Veiddum við ágætlega, og varð ég á engan hátt var við, að hann færi neitt dult með hvorki afla né veiðiskap. Á þessu tímabili unnum við báðir við byggingu Skógaskóla ásamt mörgum öðrum sveitungum okkar, og seldi Andrés mötuneyti skólabyggingarinnar af veiðinni í umrætt sinn.“

Árni Jónasson, Kópavogi, hefur hinn 10. nóvember 1969 gefið svofellt vottorð:

„Það vottast hér með, að mér er kunnugt um, að Andrés Andrés-son, bóndi í Berjanesi í Austur-Eyjafjallahreppi, stundaði veiði í Holtsós þau ár, sem ég var í Skógum undir Eyjafjöllum. Fór ég eitt sinn með honum þangað til veiða, það var annað hvort sumarið 1951 eða 1952. Þá var mér ekki kunnugt um, að veiðiréttur hans í Holtsósi væri umdeildur.“

Í bréfi, dags. 2. júní 1970, til lögmans stefnenda hefur Árni Jónasson skýrt svo frá:

„Sem svar við fyrirspurn yðar í símtali í dag vil ég upplýst þetta.

Það mun hafa verið mjög fljótlega eftir veiðiferð mína með Andrési Andrésyni, bónda í Berjanesi, í Holtsós, sem átti sér stað annaðhvort sumarið 1951 eða 1952, sem mér varð ljóst, að veiðiréttindi hans í Holtsós voru umdeild, en ég treysti mér ekki til að tímasetja það nánar.“

Ólafur Daðason, Rauðalæk 4, Reykjavík, hefur hinn 10. nóvember 1969 gefið svohljóðandi vottorð:

„Ég undirritaður votta hér með, frá árinu 1934 hef ég árlega komið að Berjanesi til Andrésar Andrés-sonar, og er mér fullkunnugt um, að hann hefur stundað lagnetaveiðar í Holtsósi öll þessi ár, enda hef ég verið með honum oft við lagnir og umvitjanir, og var ég á engan hátt var við, að hann færi leynt með þessar ferðir sínar.“

Helgi Hjálmarsson, Reykjavík, hefur hinn 11. nóvember 1969 gefið svofellt vottorð:

„Árið 1938—1943, eða í fimm ár, bjó ég í Berjanesi undir Austur-Eyjafjöllum. Á þessum árum, er ég bjó þar, stundaði Andrés

Andrésson, bóndi í Berjanesi, veiði í Holtsós, og fór ég iðulega í ósinn með honum til veiða. Var aldrei neitt amast við veiði hans þar af neinum og að engu farið neitt dult að við þann veiðiskap, hlaut það því að vera á vitorði allra þar í kringum ósinn svo og annarra, að hann stundaði veiði í Holtsós bæði með lagnet og fyrirdrátt, enda hittust menn oft í þessum veiðiferðum, hlaut það líka að vera öllum, sem nærri ósnum bjuggu sjáanlegt á björtum vornóttum, er menn voru þar við fyrirdrátt, sem ætíð var stundaður í Holtsós að kvöldlagi — annað virtist ekki bera árangur.

Síðan ég flutti til Reykjavíkur 1943, hefi ég oftast á hverju sumri komið austur undir Eyjafjöll og þá alltaf gist hjá Andrési í Berjanesi, er mér því vel kunnugt um, að hann hefur stundað veiðar áfram í ósnum, síðan ég flutti í burtu, og hefi ég margoft í þeim ferðum farið með Andrési til umvitjunar í lagnet í ósnum og oft notið góðs af.“

Erlingur Ingimundarson, Nesvegi 62, Reykjavík, hefur hinn 11. nóvember 1969 gefið svohljóðandi vottorð:

„Ég undirritaður var vikapiltur hjá Andrési Pálssyni, bónda að Berjaneskoti undir Austur-Eyjafjöllum, frá 1925 til 1930. Ég kom þangað um miðjan maí 1925 og var þar til hausts, kom þangað aftur um miðjan maí 1926 og var þar stöðugt til júnímánaðar 1930. Á þessum árum fór Andrés, sonur Andrésar, oft með ádráttarnet í „ósinn“, sem kallað var (Holtsós), og fékk þá einhvern með sér, t. d. Kjartan í Hlíð, Svein á Nýlendunni eða Pál, bróður sinn.

Ég fór nokkrum sinnum með Andrési í „ósinn“. Þegar Andrés var ekki heima, fór ég sjálfur og fékk með mér Svein á Nýlendunni. Eitt sinn, er ég fór ásamt Sveini, fórum við þrjú kvöld í röð og fengum 246 stk. fyrsta kvöldið, 248 stk. seinna kvöldið, en á að giska eitt til tvö stykki þriðja kvöldið. Þetta hefur verið sumarið 1928.“

Árni Gíslason, Höfðaborg, hefur hinn 11. nóvember 1969, gefið svohljóðandi vottorð:

„Ég undirritaður Árni Gíslason, fæddur 17. maí 1894 að Þorvaldseyri undir Austur-Eyjafjöllum í Rangárvallasýslu, dvaldi á Þorvaldseyri til átta ára aldurs. Flutti ég þá til foreldra minna, sem þá bjuggu í Berjanesi í sömu sveit, og var ég þar hjá þeim næstu átta ár æfi minnar. Svo fljótt sem ég hafði þrek til, fór ég að stunda veiðar í Holtsós, enda veiðar í Ósnum þá stundaðar af öðrum búendum í Berjanesi einnig, og var svo, meðan ég var þar. Eftir að ég var fluttur til Vestmannaeyja, var ég oft kaupamaður í Berjanesi og stundaði þá jafnan veiði í Holtsós, þetta

var á árunum frá 1916 til 1927. Einnig fór ég oft með Andrési Andréssyni, nú bónda í Berjanesi, til veiða í Ósnum, eftir að hann flutti á Berjanestorfuna 1922. Aldrei var farið neitt laumulega við þessar veiðar, og ætíð voru þær stundaðar frá fjörunni. Aldrei komu fram nein mótmæli frá öðrum varðandi þessar veiðar, enda ekki annað vitað en Berjanesið ætti veiðirétt til jafns við aðra. Ég man líka, að er Magnús frá Orustustöðum stundaði selveiðar í Holtsósi að vorinu svo og silungsveiði vor og sumar. Tók ég það svo, að þessi veiði hans byggðist á eignar- og notkunarrétti Þorvaldar Björnssonar á Berjanesi, en Magnús var vinnumaður hjá Þorvaldi.“

Jón Ó. Vigfússon, Boðaslóð 12, Vestmannaeyjum, hefur hinn 17. nóvember 1969 gefið svofellt vottorð:

„Með þessu bréfi staðfesti ég undirritaður, Jón Ólafur Vigfússon, Boðaslóð 12 Vestmannaeyjum, að ég hafi á árunum 1956 til 1965 oft farið til silungsveiða í Holtsós undir Eyjafjöllum. Fór ég þessar ferðir með Andrési Andréssyni, A-Eyjafjöllum.“

Ísleifur Ingvarsson, Hvítungavegi 3, Vestmannaeyjum, hefur hinn 17. nóvember 1969 gefið svohljóðandi vottorð:

„Ég undirritaður votta hér með að hafa farið nokkrar veiðiferðir í Holtsós með Andrési Andréssyni í Berjanesi, Austur-Eyjafjöllum, sumarið 1927, þegar við vorum vinnufélagar í Holti, Vestur-Eyjafjallahreppi.“

Þá var prestsetrið endurbyggt, og stendur sú bygging enn, eins og kunnugt er.“

Karl Guðmundsson, Urðavegi 11, Vestmannaeyjum, hefur í vottorði, dagsettu 18. nóvember 1969, skýrt svo frá:

„Árið 1930 dvaldi ég undirritaður nokkra daga í Austur-Eyjafjallahreppi. Einn daginn bauð hr. Andrés Andrésson (hann var þá til heimilis hjá foreldrum sínum í Berjaneskoti) mér til silungsveiða í Holtsósi, og veiddum við þar með ádráttarneti fram eftir kvöldi.“

Afi var sæmilegur, enda var þetta fyrri part sumars.“

Ólafur Vigfússon, Vestmannaeyjum, hefur hinn 22. nóvember 1969 gefið svohljóðandi vottorð:

„Í ágústmánuði 1924 fór ég með Andrési Andréssyni veiðitúr í Holtsós, það var skemmtilegur túr. Við fórum á laugardagskvöldi og komum austur að Berjanesi, þegar sólin var komin fram fyrir fjöllin á sunnudagsmorgni.“

Kristinn Sigurðsson, Urðarvegi 40, Vestmannaeyjum, hefur í vottorði, dagsettu 25. nóvember 1969, skýrt svo frá.

„Ég undirritaður votta hér með að hafa farið nokkrar veiðiferðir í Holtsós með Andrési Andréssyni í Berjanesi, Austur-Eyjafjöllum, á tímabilinu 1945 og fram til ársins 1967.“

Gunnlaugur Loftsson, Brávallagötu 14, Reykjavík, hefur í vottorði 15. ágúst 1970 skýrt svo frá:

„Er ég var kaupamaður í Berjanesi hjá O. J. Hvanndal á árunum 1921—23, fór ég oft og mörgum sinnum til silungsveiða með fyrirdráttarnet í Holtsós svo sem aðrir þeir, er í Berjanesi og Berjaneskoti voru. Fór ég þessar veiðiferðir þá í fullu trausti þess, að Berjanesið ætti óskoraðan rétt til að veiða þar, enda aldrei annars var en svo væri.“

Sigurður Jónsson, Eyvindarhólum, hefur hinn 2. júlí 1970 gefið svohljóðandi vottorð:

„Ég undirritaður lýsi því yfir, að á þeim tíma, sem ég var í Berjanesi, það er frá 10. september 1888 til 1920, átti sú jörð engan veiðirétt í Holtsósi.“

Guðrún Hafliðadóttir hefur hinn 18. júlí 1971 gefið svohljóðandi vottorð:

„Ég undirrituð, Guðrún Hafliðadóttir, Fossi á Rangárvöllum, votta hérmeð, að er ég var um tvítugsaldur, en ég er fædd árið 1904, dvaldi ég um þriggja ára skeið að Núpi undir Eyjafjöllum.

Á hverju hausti dvaldi ég nokkra daga að Berjaneskoti hjá Andrési Pálssyni og konu hans. Erindi mitt þar var að aðstoða son bónda, Andrés sem nú býr í Berjanesi, við að veiða silung í Holtsósi.

Við veiddum silunginn með ádrætti, og var veiði oft ágæt. Það kom veiðihrota á þessum tíma árs, og þurfti að nota hana, á meðan hún gafst. Silungurinn var síðan verkaður og saltaður niður til vetrarins.

Einn atburður úr þessum veiðiskap mun mér seint úr minni líða. Við Andrés vorum langt komin með að draga upp netið, er ég sá einhverja dökka veru fyrir framan Andrés og held fyrst, að þetta sé maður. En brátt er mér ljóst, að þetta er selur, er reisir sig upp úr vatninu og ræðst að Andrési með því að slengja hreifunum framan á brjóst hans.

Andrés hrópaði til mín að gæta netsins, um leið og hann tók að slást við ófreskjuna.

Lauk þeim átökum svo, að Andrési tókst að rota selinn með hnefunum.

Við vorum heldur hreykin, er við komum heim með alla veiðina, 60 silunga, marga væna og sel að auki.

Ég hefi ætíð heyrt síðan, að Andrés dragi björg í bú úr Holtsósi, enda hefi ég alltaf haldið, að Berjanes og Berjaneskot ættu land að Holtsósi, a. m. k. var enginn vafi á því talinn, að Berjaneskot átti land að Holtsósi, þegar ég hjálpaði Andrési við veiðarnar.“

VII.

Í málinu liggur frammi endurrit úr Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns, að því er varðar upplýsingar um Berjanes og Berjaneskot. Eigi er í yfirliti þessu getið um silungsveiði sem hlunnindi þessara jarða.

Einnig liggur frammi endurrit úr sömu jarðabók, að því er varðar „Holt, kirkjustaður og Beneficium“. Þar segir m. a.: „Selveiði og silungsveiði hefur fyrrum nokkur verið, nú minni og næsta að engu gagni, því silungsgengdin þverrar og þar fyrir er hún ekki svo tíðkuð.“

Á dskj. nr. 121 er ljósrit úr jarðabók fyrir Rangárvallasýslu 1803. Þar er getið um aðstöðu til sjóróðra, en ekki er getið um silungsveiði, að því er jörðina Berjanes varðar.

Í málinu liggur frammi vottorð, dags. 19. júní 1970, svohljóðandi:

„Það vottast hér með, að samkvæmt fasteignamatsskýrslu um jörðina Berjanes 1930 stendur eftirfarandi sem svar við spurningu um hlunnindi jarðarinnar:

„Jörðin á reka og rjett til silungsveiði í Holtsós.“

Skýrsla þessi er undirrituð þannig:

„Berjanesi 7. nóv. 1929

Sveinn Ó. Ásbjörnsson.“

Þjóðskjalasafn Íslands

Gunnar Sveinsson

Skjalavörður.“

Í málinu liggur frammi svohljóðandi vottorð:

„Það vottast hér með, að samkvæmt fasteignamatsskjölum 1942 er strikað undir orðið *silungsveiði* þar, sem hlunnindi eru talin, við eftirtaldar jarðir í Austur-Eyjafjallahreppi:

Berjanes I	Eigandi:	Ólafur Hvanndal, Reykjavík.
	Ábúandi:	Bjarni Guðmundsson.
Berjanes II	Eigandi:	Ólafur Hvanndal.
	Ábúandi:	Andrés Andrésón.
Berjaneskot	Eigandi:	Ólafur Hvanndal.
	Ábúandi:	Helgi Hjálmarsson.

Einnig er orðið *silungsveiði* auðkennt á sama hátt við jörðina Steina III í Austu-Eyjafjallahreppi og Vallnatún í Vestur-Eyjafjallahreppi.

Þjóðskjalasafn Íslands
Gunnar Sveinsson
skjalavörður.“

Í málinu liggur frammi vottorð Hannesar Pálssonar, fulltrúa í fjármálaráðuneytinu, dags. 11. júní 1970, svohljóðandi:

„Samkvæmt jarðalýsingu 1940 og aðalmati, er tók gildi 1942, er veiði í á eða vatni ekki talin til hlunninda Berjanesi né Berjaneskoti, Austur-Eyjafjallahreppi.“

Pá liggur frammi vottorð Hannesar Pálssonar, dags. 23. júní 1970, svohljóðandi:

„Í tilefni af áður gefnu vottorði varðandi hlunnindi á jörðunum Berjanesi og Berjaneskoti í Austur-Eyjafjallahreppi skal þetta fram tekið:

Samkvæmt lýsingu héraðsnefndar 1940 eru engar tekjur taldar af veiði né öðrum hlunnindum á þessum jörðum, og eru því hlunnindi ekki tekin með, þegar fasteignamat jarðanna er ákveðið.

Hinsvegar er það rétt, sem á hefur verið bent, að héraðsnefnd hefur með dauðu blýantsstriki strikað undir orðin *silungsveiði* og reki á báðum þessum jörðum. Má því e. t. v. segja, að þessi hlunnindi séu til staðar, þó þau virðist ekki hafa verið nýtt til arðs.“

Í málinu liggur frammi sem dskj. nr. 107 ljósrít af fasteignamati 1942 fyrir Berjanes II. Þar kemur fram, að hlunnindaliðirnir: *silungsveiði* og reki eru undirstrikaðir með bleki. Er skjal þetta vottað af Gunnari Sveinssyni, skjalaverði Þjóðskjalasafns.

IX.

Í málinu hafa verið lagðir fram uppdættir Íslands, svonefnd herforingjaráðskort, þ. á m. blað nr. 59 samkvæmt mælingu frá 1907, með endurskoðun 1935, og blað nr. 59 samkvæmt mælingu 1906, með endurskoðun frá 1950. Hið fyrra kort er í mælikvarða 1:100.000, en hið síðara í mælikvarða 1:50.000.

Pá liggur frammi uppdráttur af láglandi A-Eyjafjalla, blað 1 í mælikvarða 1:5000, mælt í ágúst 1941 af Ásgeiri L. Jónssyni, sbr. yfirmatsgerð.

Á dskj. nr. 89 liggur frammi ljósmynd af Holtsósi og umhverfi.

Inn á flugmynd þessa hafa verið merktar tvær landamerkjalínur jarðarinnar Berjaness.

X.

Stefnendur styðja kröfur sínar fyrst og fremst þeim rökum, að Berjanesið eigi ekki land að Holtsósi og enginn veiðiréttur í Holtsósi fylgi þeirri jörð. Það sé forn regla í íslenskum lögum, að hver maður eigi vatn og veiði fyrir sinni jörðu, og hafi sú regla verið staðfest með ákvæðum vatnalaga og laga um lax- og silungsveiði. Stefndi hafi sjálfur á dskj. nr. 5 viðurkennt, að jörðin Berjaness ætti ekki land að ósnum, og sé hann bundinn af þessari yfirlýsingu samkvæmt 123. gr. laga nr. 85/1936. Stefndi hafi hins vegar veitt í ósnum í heimildarleysi, enda þótt honum hafi verið og mátt vera ljóst, að Berjanessinu fylgdi enginn veiðiréttur í Holtsósi. Í því sambandi leggja stefnendur áherslu á yfirlýsinguna á dskj. nr. 4, þar sem stefnda hafi árið 1949 verið gert ljóst, að hann stundaði veiðiskap í heimildarleysi. Jafnframt halda stefnendur því fram, að stefndi hafi reynt að leyna þá veiðiskap sínum og veiðarnar hafi hann oft stundað að næturlagi. Allt sýni þetta, að stefnda hafi verið ljóst, að hann átti ekki veiðiréttinn. Stefnendur mótmæla niðurstöðu yfirmatsgerðarinnar, enda líta stefnendur svo á, að tímabundinn veiðiréttur geti ekki fylgt jörðu, svo sem yfirmatsmenn geri ráð fyrir. Taka stefnendur fram í því sambandi, að yfirmatsmenn vísi í matsgerðinni hvorki til lagaákvæða né annarra réttarheimilda ályktunarorðum sínum til stuðnings.

Stefnendur mótmæla því, að stefndi hafi unnið hefð á veiðirétti í Holtsósi, Berjanessinu eða stefnda persónulega til handa, þar sem öll skilyrði skorti til þess. Í fyrsta lagi hafi stefndi ekki sannað, að hann hafi óslitið í hefðartíma fullan stundað veiði í Holtsósi. Í öðru lagi hafi hann stundað veiðina gegn betri vitund, enda hafi veiðin oft verið stunduð að nóttu til. Í þriðja lagi hafi veiðin verið stunduð ýmist austan eða vestan hreppamarkanna og því ekki fyrir landi ákveðinnar jarðar, allra síst fyrir landi Berjaness. Þá halda stefnendur því fram, almennt séð, að stefndi geti ekki unnið hefð á veiðirétti. Samkvæmt þessu líta stefnendur svo á, að stefndi eigi engan veiðirétt í Holtsósi, hvorki tímabundinn né með öðrum hætti.

Að því er varðar varakröfuna, þá leggja stefnendur áherslu á, að stefndi hafi enga hefð unnið á veiðirétti í löndum Steinajarða í Austur-Eyjafjallahreppi eða í löndum Holtstorfunnar í Vestur-Eyjafjallahreppi, og komi þá heldur ekki til mála, að hann eigi

rétt til veiði í almenningi vatnsins. Varakrafa stefnenda virðist því við það miðuð, að réttur stefnda til veiði í Holtsósi geti a. m. k. aldrei gengið lengra en að honum sé veiði heimil á sínu landi, þegar ósinn stendur uppi.

XI.

Stefndi styður kröfur sínar þeim rökum fyrst og fremst, að frá því að elstu skjöl greini hafi Berjaness talist eiga land að Holtsósi og að frá því að elstu menn muni, hafi Berjanessbændur stundað veiði í vatni þessu. Þessu til sönnunar vísar stefndi á áðurgreindan héraðsdóm frá 3. maí 1645, sbr. kafla II hér að framan, og reglugerð frá 29. ágúst 1844 um útmokstur, sem rakinn hefur verið í sama kafla. Hann skírskotar til örnefnaskrár, sem um getur hér að framan í VI. kafla. Jafnframt vitnar hann til ummæla í Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns, sem rakinn hafa verið í kafla II hér að framan. Þá bendir hann á, að Berjanessbændur hafi jafnan tekið þátt í kostnaði við útmokstur óssins bæði fyrir og síðar. Hann leggur áherslu á, að í fasteignamati 1930 sé silungsveiði tilgreind sem hlunnindi fyrir Berjaness og skjöl varðandi fasteignamat 1942 tilgreini slík hlunnindi einnig. Hann bendir á, að í bréfi veiðimálastjóra, sem rakið hefur verið hér á undan, komi fram það álit veiðimálastjóra, að tímabundin aðstaða sé til veiði fyrir Berjanesslandi. Þá komi fram viðurkenning í bréfi séra Halldórs Gunnarssonar vegna Fiskiræktarfélagss Holtsóss á því, að Berjanessi sé eitt af landeigendum vatnasvæðisins. Stefndi vitnar til dskj. nr. 79, sem er bréf til alþingismanna Suðurlandskjördæmis. Bréf þetta sé undirritað af honum og þeim, sem nú vilji dæma hann frá öllum rétti til þess að eiga land að Holtsósi og hafa þar veiðirétt, en bréfið hefjist á þessum orðum:

„Vér undirritaðir ábúendur þeirra jarða, er slægju og nytjalönd eigum að Holtsósi í Vestur-Eyjafjallahreppi, leyfum oss hérmeð að leita til yðar um eftirfarandi erindi.

Það er öllum kunnugt, er til þekkja, að eignarlönd þau, er liggja að Holtsósi, hafa frá fornu og allt til þessa dags verið höfuðnytjalönd þeirra jarða, er þar eiga hlut að máli, einkum til slægna og jafnframt til beitar, enda land þröngt og þéttbýlt umhverfis ósinn.“ Stefndi vitnar til eftirfarandi úr undirmatsgerð: „Af þessum staðháttum leiðir, að austurmörk Holtsóss færast ýmist austur eða vestur yfir landamörk jarðarinnar Berjaness, eins og þau landamörk voru sýnd okkur og hafa verið merkt á flugljósrit.“ Og enn fremur:

„Svo lengi sem menn hafa áreiðanlegar spurnir af, hefur ósinn staðið uppi um einhvern tíma og oft hvað eftir annað á hverju ári og jafnoft grafist út, stundum af sjálfsdáðum og stundum af mannavöldum.“

Enn síðar:

„... en engin tók eru á að áætla, hver yrði tímalengd hvors ástands um sig.“ Það hefði því mátt ætla, að ofangreint hefði verið nægar skýringar af hálfu matsnefndar, sem sagt, ef ekki sé grip-ið inn í af manna völdum, þá sé Holtsós langtímum saman yfir landi Berjaness. Niðurstaða undirmatsmanna í matsgerðinni fái því engan veginn staðist.

Stefndi heldur því fram, að hann eigi rétt samkvæmt venju til þess að veiða eins og aðrir þar í vatninu, sem veiði er og þar sem unnt er að stunda hana á hverjum tíma. Hin ýmsu gögn málsins gefi glöggt til kynna, að veiðiréttur hafi fylgt Berjanesinu frá alda öðli, og jafnvel þótt rétturinn teldi einhver áhöld um þann veiðirétt, þá kveðst stefndi sjálfur hafa stundað reglubundnar veiðar, sem til hefðarhalds leiði, í meira en 40 ár, svo sem hin fjölmörgu vottorð sanni. Þá kveðst hann eiga rétt til veiði í almenn- ingi vatnsins samkvæmt ákvæðum laga um lax- og silungsveiði. Hann skírskotar til skýrslna sinna, bæði í bréfum, sem lögð hafa verið fram í málinu, og aðiljaskýrslu þeirrar, er hann gaf hér fyrir dómnum. Hann heldur því ákveðið fram, að hann hafi ekki stundað veiðiskapinn með neinni leynd, og mótmælir þeim ávirðingum, sem felist í ummælum að þessu leyti, sem fram hafa komið af hálfu stefnenda, enda séu ummæli þessi röng og að engu hafandi.

XII.

Hér að framan hafa verið rakin þau helstu gögn, sem málsaðilj- ar byggja kröfur sínar á.

Dómendur hafa farið á vettvang og kynnt sér staðhætti.

Það er álit dómsins, að stöðuvatnið Holtsós sé sérstætt að því leyti, hversu vatnsborð þess er breytilegt. Samkvæmt gögnum málsins hefur útfall óssins iðulega lokast á umliðnum öldum á þann hátt, sem lýst er í undirmatsgerð. Samkvæmt uppdrætti Ás- geirs L. Jónssonar frá ágúst 1941 getur hækkun vatnsborðsins num- ið allt að 4 metrum frá lægstu stöðu vatnsins, en þá er ósinn yfir landi Berjaness.

Að svo vöxnu máli verður með vísan til yfirmatsgerðar, sem ekki hefur verið hnekkt, að líta svo á, að jörðinni Berjanesi fylgi veiðiréttur í Holtsósi í óumdeildu Berjaneslandi, þegar ósinn er

uppi. Leiðir þetta til þess, að stefndi á þá einnig rétt til veiði í almenningi vatnsins, enda verður eigi á það fallist með stefnendum, að undirskrift stefnda undir bréfið á dskj. nr. 5, en stefndi er þá ekki eigandi, heldur aðeins ábúandi jarðarinnar, breyti þar nokkru um.

Gegn mótmælum stefnenda hefur stefndi ekki sannað, að sú venja sé um veiðiskap í Holtsósi, að hverjum, sem veiðirétt á þar, sé heimilt að veiða hvar sem er í vatninu, enda verður að líta svo á samkvæmt gögnum málsins og málflutningi aðilja, að hverri jörð eða jarðartorfu fylgi sérrettur til veiði innan netlaga fyrir landi hveirrar jarðar eða jarðartofu.

Samkvæmt málflutningi stefnda má ráða, að hann hafi stundað veiðar á þann hátt, sem hann telur venju standa til, eins og lýst hefur verið hér að framan, þ. e. a. s. á hinum ýmsu stöðum í vatninu, bæði í Vestur- og Austur-Eyjafjallahreppi. Virðist stefndi því hafa veitt ýmist í netlögum jarða bæði í Austur-Eyjafjallahreppi og Vestur-Eyjafjallahreppi eða í almenningi vatnsins. Þykir þessi veiðiskapur stefnda hafa verið með þeim hætti gagnvart hinum einstöku jörðum, sem lönd eiga að ósnum, að ekki er unnt þegar af þeirri ástæðu að fallast á það með honum, að hann hafi með hefð unnið rétt til veiði innan netlaga hinna einstöku jarða.

Samkvæmt því, sem nú hefur verið rakið, verður aðalkrafa stefnenda ekki tekin til greina.

Þegar virt er kröfugerð aðilja og málflutningur hér fyrir dómi, þykir samkvæmt því, sem nú hefur verið rakið, bera að taka vara-kröfu stefnenda til greina þannig, að stefndi telst eiga veiðirétt í Holtsósi í landi Berjaness, þegar ósinn stendur uppi, svo og í almenningi vatnsins utan netlaga.

Eftir atvikum öllum þykir rétt, að málskostnaður falli niður.

Málflutningslaun talsmanna aðilja hér fyrir dómi, hæstaréttarlögmanna Egils Sigurgeirssonar, umboðsmanns stefnenda, og Páls S. Pálssonar, umboðsmanns stefnda, kr. 140.000.00 til hvors, greiðast úr ríkissjóði.

Rúnar Guðjónsson, settur sýslumaður í Rangárvallasýslu, kvað upp dóm þennan ásamt meðdómendum Bjarna K. Bjarnasyni borgardómara og Klemenz K. Kristjánssyni, fyrrverandi tilraunastjóra.

Dómsorð:

Stefndi, Andrés Andrésson, skal vera sýkn af aðalkröfu stefnenda, Karls Sigurjónssonar, Lárusar Hjaltesteds, Sigríðar

K. Jónsdóttur, Haralds Axels Ólafssonar, Ólafs Sigurjónssonar, Viðars Björnssonar, Sigurjóns Guðjónssonar, Lárusar Ágústssonar, dánarbús Einarssonar, Halldórs Gunnarssonar, Einarssonar, Bárðar Magnússonar, Sigurbergs Magnússonar, Ragnars Eyjólfssonar og Páls Magnússonar, í máli þessu.

Varakrafa stefnenda er tekin til greina, svo sem lýst er í kafla XII hér að framan.

Málskostnaður fellur niður.

Málflutningslaun talsmanna aðilja, hæstaréttarlögmannanna Egils Sigurgeirssonar og Páls S. Pálssonar, kr. 140.000.00 til hvors, greiðist úr rikissjóði.

Þriðjudaginn 26. mars 1974.

Nr. 174/1974: **Ákærvaldið**
 gegn
Jóni Heiðberg.

Dómenndur:

hæstaréttardómaramarnir Benedikt Sigurjónsson, Ármann Snævarr, Einar Arnalds, Logi Einarsson og Magnús P. Torfason.

Kærumál. Vanhæfi dómara. Frávisun frá Hæstarétti.

Dómur Hæstaréttar.

Varnaraðili hefur 21. mars 1974 kært til Hæstaréttar úrskurð sakadóms Hafnarfjarðar, er kveðinn var upp sama dag. Bárust kærugögn Hæstarétti 22. s. m. Í máli þessu hefur verjandi vernaraðilja, Jón E. Ragnarsson hæstaréttarlögmaður, krafist þess, að Sigurður Hallur Stefánsson aðalfulltrúi víki sæti við framhaldsrannsókn vegna hæstaréttarmálsins nr. 174/1973: Ákærvaldið gegn Jóni Heiðberg. Kæru varnaraðilja verður að skilja svo, að hann krefjist þess, að hinum kærða úrskurði verði hrundið.

Greinargerð hefur ekki borist frá saksóknara ríkisins.